



Skýrsla Íþróttasambands fatlaðra fyrir Sambandsþing ÍF

Starfsskýrsla

frá Sambandsþingi ÍF 25. mars 2017 til Sambandsþings ÍF 17. maí 2019

Efnisyfirlit

VERKASKIPTING STJÓRNAR ÍF	3
FUNDIR / KYNNINGAR INNANLANDS	3
NÁMSKEIÐ / RÁÐSTEFNUR INNANLANDS	8
FUNDIR / NÁMSKEIÐ ERLENDIS	9
NORD-HIF - Íþróttasamband fatlaðra á Norðurlöndum.....	9
MÓT INNANLANDS	10
MÓT ERLENDIS.....	14
ÓLYMPÍUMÓT FATLAÐRA	17
FJÁRMÁL OG SAMNINGAR.....	19
ÚTGÁFUMÁL	22
ÍÞRÓTTAMAÐUR OG ÍÞRÓTTAKONA ÁRSINS	22
SUMARBÚÐIR ÍF.....	22
ÝMIS VERKEFNI	23
HEIÐRANIR OG VIÐURKENNINGAR	24
FALLINNA FÉLAGA MINNST	25
SPECIAL OLYMPICS Á	
ÍSLANDI.....	Error! Bookmark not defined..26
ÞRÓUNARSTARF OG FRÆÐSLUMÁL.....	36

VERKASKIPTING STJÓRNAR ÍF

Á 18. sambandsþingi ÍF sem haldið var 25. mars 2017 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn ÍF;

Formaður: Þórður Árni Hjaltsted (ÞÁH)

Varaformaður: Jóhann Arnarson (JA)

Aðrir í aðalstjórn: Halldór Sævar Guðbergsson (HG), Matthildur Kristjánsdóttir (MK), Margrét Kristjánsdóttir (MGK).

Varastjórn: Jón Heiðar Jónsson (JHJ), K. Linda Kristinsdóttir (KLK), Þór Jónsson (ÞJ).

SKRIFSTOFA ÍF

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs (ÓM)

Anna Karólína Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri þróunarsviðs ÍF og Special Olympics á Íslandi (AKV).

Jón Björn Ólafsson, íþróttá- og upplýsinga/fjölmiðlasfulltrúi (JBÓ)

Frá Sambandsþingi ÍF 2017 hafa verið haldnir 24 stjórnarfundir auk fjölmargra funda vegna einstakra verkefna sem varða íþróttahreyfinguna, hagsmunasamtök, fagaðila, mennta- og heilbrigðiskerfið, styrktaraðila, aðstandendur og einstaklinga.

HEIMASÍÐA ÍF

Athygli er vakin á heimasíðu ÍF www.ifsport.is

Á heimasíðu ÍF má nú finna „hnapp“ sem vísar á efni á vefsíðu ÍSÍ tengt forvörnum gegn kynferðislegu áreiti og ofbeldi www.isi.is/fraedsla/kynferdislegt-areiti-og-ofbeldi/

FUNDIR / KYNNINGAR INNANLANDS

25. apríl 2017 var haldinn fyrsti stjórnarfundur nýkjörinnar stjórnar ÍF.

17. maí 2017 voru AKV og JA fulltrúar ÍF á aðalfundi Akurs á Akureyri. Einnig var fundað sérstaklega með stjórn Akurs fyrr um daginn og í kjölfarið var fundur með formanni Eikar.

22. maí 2017 átti AKV fund með Natalie, leikskólakennara og blakþjálfara hjá HK og BLÍ. Hún hefur áhuga á að koma að þróun blakæfinga fyrir börn með sérþarfir og skoðað verður hvar slíkar æfingar gætu helst þróast, hjá HK, almennri blakdeild eða aðildarfélögum ÍF

30. maí 2017 áttu AKV og ÓM fund með Brandi Ólafssyni fjármálastjóra SO í Kanada en hann óskaði eftir fundi og kynningu á starfi Special Olympics á Íslandi, auk samstarfs vegna „accreditation group“ Þetta var áhugaverð heimsókn þar sem hann fór yfir starfið í Kanada og hugmyndir og uppbyggingu sem heildarstarfinu og fjáröflun til starfsins. Einnig var rætt mögulegt samstarf s.s. heimsóknir vegna íþróttagreina og samstarf um fræðslumál og YAP.

12. júní 2017 sat ÓM ásamt Inga Þór Einarssyni fund með fulltrúum Afrekssviðs ÍSÍ þar sem til umræðu var „hvar í flokk“ skyldi skipa ÍF þ.e. sem Afrekssambandi eða Alþjóðasambandi! Vonir standa til eftir fundinn að ÍF verði skipað í flokk afrekssambanda sem skiptir miklu máli varaðandi styrkúthlutanir Afrekssjóns ÍSÍ.

22. júní 2017 var haldinn fyrsti fundur Ólympíuráðs ÍF en Ólympíuráðið skipa ÞÁH, JA, HG og Geir Sverrisson, fyrrum afrekssmaður ÍF í frjálsum íþróttum og sundi. Á fundinum var samþykkt

val keppenda sem þátt taka í HM en 2017 eru það heimsmeistaramótin sem eru fyrirferðamest í afreksstarfi ÍF.

31. ágúst 2017 var kynning ÍF fyrir nemendur íþróttabrautar FB. AKV hafði umsjón með kynningunni en kennari hópsins er JA.

11. september 2017 var opið hús og fundur hjá hestamannafélaginu Herði þar sem rætt var fyrirhugað samstarf hestamannafélaga á Reykjavíkursvæðinu vegna „fatlaðra“ á hestbaki Forseti Íslands, Guðni Jóhannesson var gestur á staðnum, auk fulltrúa hestamannafélaga á svæðinu, bæjarstjóra Mosfellsbæjar, fulltrúa landssamtaka fatlaðra og ÍF o.fl.

- Sýnd var aðstaða og fylgst með kennslu og í kjölfarið var komið saman í félagsheimili Harðar þar sem formaður Harðar kynnti hugmyndir um fyrirhugað samstarf og stofnun félags um hestamennsku fatlaðra. Þetta mál er þó ekki komið í þann farveg að hægt sé að lýsa nákvæmlega hver staðan er í dag en hugur er til aukins samstarfs á þessu sviði. Markmið var að sýna fram á að þörf væri brýn að efla tækifærin þar sem ekki tekst að anna eftirspurn skv. upplýsingum frá fulltrúum Harðar. Fulltrúar ÍF á staðnum voru AKV, HSG og MK

29. september 2017 var AKV með kynningu á verkefnum ÍF fyrir fulltrúa á norrænum fundi sem haldinn var í Hinu Húsinu. Óskað var eftir kynningu á verkefnum ÍF á norrænan fund fólks sem sér um frístundir fatlaðra á Norðurlöndum. Leitað var til IF með innlegg um raunveruleg verkefni sem eru í boði en þarna er fólk sem vinnur með ungt fólk með fötlun sem sækir frístundamiðstöðvar. Allir voru sammála um að aukið samstarf væri nauðsynlegt milli þeirra sem vinna með þennan hóp og þeirra sem standa að tilboðum úti í samfélaginu.

4. október 2017 var haldinn fundur Ólympíuráðs ÍF þar sem til umræðu var m.a.:

- Fararstjórn vegna PL í Suður-Kóreu 2018. Samþykkti Ólympíuráð að leggja til við stjórn ÍF að Einar Bjarnason (EB) og Þórður Hjörleifsson (ÞH) yrðu þjálfarar/fararstjórnar á mótinu og JBÓ aðalfararstjóri.
- Umræður urðu einnig um NM í sundi þar sem í ljósi fréttu af því að HM í sundi færi fram í lok nóvember gæti orðið fækkun á fjölda keppenda á NM. Svo varð ekki.

2. nóvember 2017 átti AKV fund með nemenda í þroskaþjálfrafræði við HÍ vegna lokaverkefnis, - hugmynd að handbók um YAP og að nýta eigin starfsvettvang. Nemandinn starfar í leikskóla og sinnir barni með sérþarfir. ÍF hefur óskað eftir því að Handbók um YAP verði viðurkennt sem lokaverkefni. Málið var sett í ferli og jákvætt svar barst.

17. nóvember 2017 sátu ÞÁH og ÓM Formannafund ÍSÍ þar sem m.a. var staðfest að ÍF er „Afrekssamband.

15. janúar 2018 var fundur með félagsmálaráðherra, Ásmundi Daðasyni. Hann heimsótti skrifstofur ÍF og átti fund með formanni og starfsfólki ásamt aðstoðarmanni sínum. Farið var yfir helstu atriði í starfi ÍF og ferð til S Kóreu. Í kjölfar fundarins var haft samband við ÍF og í framhaldinu veittur sérstakur styrkur til þróunarverkefna í þágu barna og unglinga.

17. janúar 2018 sátu ÞÁH, AKV og ÓM fund sem ÍSÍ boðaði til vegna #meetoo umræðunnar. Á fundinum var farið yfir á hvern hátt ÍSÍ og sérsamböndin gætu brugðist við s.s. að búa til og brýna verkferla sem til staðar eru varðandi mál af þessu tagi. Í framhaldi „fundarins sendi skrifstofa ÍF bréf á aðildarfélög ÍF þar sem málið var kynnt og vísað til frekari upplýsinga.

18. janúar 2018 var haldinn fundur um aðgengismál hjá KSÍ. Kynnt verkefni UEFA sem tekur fyrir aðgengi að knattspyrnuvöllum. Einnig kynnt lokaverkefni Alexanders Harðarsonar o.fl. um aðgengi að knattspyrnuvöllum á Íslandi. Fundinn sótti frá ÍF, AKV. Í framhaldi þessa var haldinn fundur hjá ÖBÍ 25. janúar þar sem Alexander kynnti nánar sitt verkefni.

29. janúar 2018 var aðalfundur GSFÍ var haldinn. AKV og JA voru fulltrúar IF á fundinum.

6. mars 2018 var haldinn fundur Ólympíuráðs ÍF þar sem til umræðu var m.a. kostnaðarhlutdeild þátttakenda í mótum á vegum ÍF, endanlegt val keppenda, þjálfara og fararstjóra á NM í boccia, fundur með SSÍ vegna samþættingar Íslandsmóta í sundi.

6. mars 2018 funduðu ÓM og Ingi Þór Einarsson, annar YL, með Örnunni Sigríði Albertsdóttur varðandi mótaundirbúning o.fl. Arna Sigríður er skráður iðkandi hjá Hjólreiðasambandi Íslands og því nauðsynlegt að samþætta skráningarferli sambandanna og annað tengt þátttöku Örnunni Sigríðar í mótum á erlendum vettvangi.

7. mars 2018 funduðu ÓM og Kári Jónsson, annar YL, með fulltrúum FRÍ varðandi samvinnu/samþættingu FRÍ og ÍF í framtíðinni en verulegir hnökror voru á samvinnunni á innanhúsmeistaramótinu sem fram fór í febrúar sl. Formaður og framkvæmdastjóri FRÍ lýstu yfir fullum vilja til áframhaldandi samstarfs og munu á næsta þingi FRÍ bera fram formlega tillögu um „samþættinguna“.

20. mars 2018 var haldin kynning ÍF fyrir nemendum í HR. Umsjón hafði AKV

11. apríl 2018 áttu ÓM og JBÓ fund með fulltrúum afrekssjóðs ÍSÍ varðandi umókn ÍF í sjóðinn. Um er að ræða nýtt umsóknarferli og -form og var á fundinum farið yfir umsókn ÍF til sjóðsins og bent á það sem í umsóknina „vantaði“ m.a. til að sýna fram á umfang starfs ÍF. Var í framhaldinu upplýst að ÍF mætti vænta bréfs varðandi upphæð úthlutunar til ÍF og að ÍF mætti eiga von á frekari fjárveitinum úr sjóðnum á árinu 2018.

17. apríl 2018 var haldinn fundur Ólympíuráðs ÍF þar sem til umfjöllunar var m.a. styrkveiting afrekssjóðs ÍSÍ, styrkveitingar til afreksfólks ÍF og breytingar á reglugerð Ólympíuráðs.

24. apríl 2018. Fundur í Klettaskóla þar sem AKV kynnti YAP verkefnið fyrir starfsfólki fyrstu bekkja skólans og öðru starfsfólki sem vildi fylgjast með. Mjög góð mæting var á fundinum. Ásamt AKV var nemi í starfsþjálfun, Jónína Bogadóttir fulltrúi ÍF á fundinum

Einnig var kynnt samstarfsverkefni við KSÍ þar sem óskað var eftir börnum frá Klettaskóla til að leiða knattspyrnumenn inn á völlinn, 2. júní 2018 í vináttulandsleik Íslands og Noregs. Samstarfsverkefnið felur í sér að tengja þátttöku barna með sérþarfir við vináttulandsleikinn og er tengt 50 ára afmælisári SOI og viðleitni KSÍ til að kynna starf Special Olympics í tengslum við viðburði á árinu.

5. maí 2018 var Formannafundur ÍF haldinn á hóteli Sögu. Meðal efnis á fundinum auk skýrslu stjórnar og aðildarfélaganna ÍF var:

- #metoo herferðin – siðareglur/viðbragðsáætlun
- Stöðumat yfirmanna landsliðsmála
- Nóri félagakerfið
- 40 ára afmæli ÍF
- Special Olympics Íslandi

- Verkefni framundan
- Mótafyrirkomulag – samþætting móta

Á fundinum var samþykkt, að í tilefni 40 ára afmælis ÍF yrði móttaka haldinn á afmælisdeginum 17. maí á Radisson blu Hotel Sögu og þar yrði sambandsþing IF haldið þann 18. maí 2019. .

17. maí 2018 fagnaði FSÍ 50 ára afmæli 17. maí 2018 með móttöku og viðburði þar sem stefnt var að því að setja heimsmet í handstöðu. AKV var fulltrúi ÍF í afmælisboðinu

22. maí 2018 var haldinn fundur Ólympíuráðs þar sem til umfjöllunar var m.a. val þjálfara/fararstjóra fyrir verkefni framundan.

12 – 13 júní 2018 átti fulltrúi ÍF, AKV fund í Vestmannaeyjum með skipuleggjendum Íslandsmótsins 2018. Undirbúningur var í fullum gangi en sérstaklega var tekið til skoðunar staða aðgengismála m.a. í íþróttamannvirkjum, veitinga- og gististöðum. Einnig var fundað með formanni Ægis og leikskólastjórum leiksskóla í Vestmannaeyjum vegna YAP.

20. júní 2018 hélt ÍSÍ fund með sérsamböndum sínum vegna nýrra persónuverndarlaga.

25. júlí 2018 heimsótti László Szabó, formaður ungverska sambandsins, skrifstofu ÍF og fundaði með forráðamönnum ÍF varðandi uppbyggingu og starf sambandsins. ÞÁH og ÓM kynntu starfsemina auk þess að skiptast á upplýsingum um hina ýmsu þætti sem Ísland og Ungverjaland eiga sameiginlega og geta lært hvert af öðru.

14. ágúst 2018 áttu ÞÁH og ÓM fund með fulltrúa Advania varðandi ný persónuverndarlög. Samkvæmt hans skoðun er ÍF nú þegar með ákveðna þætti í lagi en skerpa þyrfti á öðrum. ÍSÍ leiðir þessa vinnu og mun skipa persónuverndarfulltrúa sem „sinna“ mun sérsamböndum innan ÍSÍ. Beðið er frekari upplýsinga frá ÍSÍ.

6. september kynnti AKV starf ÍF á fundi með ISI og fulltrúum Parasport í Lettlandi. Andri hjá afrekssviði ÍSÍ tók einnig þátt í að kynna samstarf ISI og IF og sýndi yfirlit yfir þróun fjárframlaga til sérsambanda ÍSÍ

13. september 2018 áttu ÞÁH og ÓM fund með fulltrúum afrekssjóðs ÍSÍ vegna innsendrar stöðuskýrslu um afrekfólk ÍF.

1. október 2018 sátu ÞÁH, ÓM og Kristín Guðmundsdóttir, formaður sundnefndar ÍF, fund með fulltrúum SSÍ varðandi samstarfssamning um sameiginleg sundmót ÍF og SSÍ í 25m og 50m laug, þ.e. meistaramót Íslands í sundi. Í kjölfar fundarins var starfsmönnum ÍF og SSÍ falið að vinna upp drög að samstarfssamningi til kynningar fyrir samböndin.

16. október 2018 áttu ÞÁH, ÓM og JBÓ fund með Þórði Hjörleifssyni, þálfara Hilmars Snæs, um verkefni framundan í vetraríþróttum. HM í alpagreinum fer fram í Slóveníu í janúar 2019.

5. nóvember 2018 var haldinn fundur IF, GSFI og GSÍ þar sem umræðuefnið var; Alþjóðlegt golfmót á Íslandi. Efni fundarins var að skoða möguleika á að halda alþjóðlegt mót fyrir fatlaða hér á landi en GSFI fulltrúar hafa verið að skoða þann möguleika. Íslendingar hafa verið að sækja mót erlendis og talið er að Ísland geti tekið að sér að halda

golfmót, jafnvel mót í golfmótaröð EDGA eða önnur viðurkennd mót. Málið verður skoðað nánar en horft var á Akranes/Borgarnes auk Suðurnesja.

17. nóvember 2018 sóttu AKV og ÞÁH „þjóðfund“ ISI og UMFÍ þar sem rætt var framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar

21. nóvember 2018 sat ÓM ásamt Ludvig Guðmundssyni, formanni lækna ráðs ÍF, fund „Afrekssambanda ÍSÍ“ varðandi fagteymismál.

7. janúar 2019 sátu AKV, HGS, ÓM og ÞÁH fund með Ruth, auglýsingastjóra Frbl. v/ afmælisárs IF og SO á Íslandi. Í framhaldi þessa var haldinn annars fundur 17. janúar þar sem staðfest var útgáfa sérstaks aukablaðs með Fréttablaðinu þann 27. febrúar. Megininntak þar var kynning á heimsleikum Special Olympics 2019 og 30 ára afmælisári SO á Íslandi auk kynningar á 40 ára afmælisári og afmælislógói ÍF

8. janúar 2019 hélt JA, formaður afmælisnefndar ÍF, fund með ÞÁH, HG auk starfsmanna ÍF um verkefni á afmælisárinu. Meðal þess sem fyrirhugað er að gera er m.a.:

- Heimildarmynd um starf ÍF í 40 ár
- Þáttur um þátttöku Íslands í Alþjóðaleikum Special Olympics í Abu Dhabi og Dubai séð með augum þáttgerðamanna „Með okkar augum“
- Aukablað með Fréttablaðinu tengt þátttökunni í Abu Dhabi og Dubai
- Afmælisútgáfa Hvata
- Móttaka á Hótel Sögu á afmælisdegi ÍF 17. maí.

8. janúar 2019 átti AKV fund með Helgu Hákonar, formanni Aspar og Hildi Arnar, móður iðkenda hjá Ösp vegna fyrirhugaðs kynningardags Aspar, þann 19. janúar 2018. Rætt var um verkefnið og hvernig kynna mætti það sem best. Félagið hefur útbúið kynningarbækling vegna starfsins og stefnt er að því að koma upp fleiri greinum og ná til fleiri iðkenda

10. janúar 2019 áttu ÞÁH og ÓM fund með fulltrúum Macron vegna búningamála og áframhaldandi samstarfs.

10. janúar 2019 áttu ÞÁH, ÓM og Kári Jónsson fund með fulltrúa FRÍ og Breiðabliks varðandi samþættingu Íslandsmóts í frjálsum íþróttum innanhúss.

10 janúar 2019 áttu JBÓ og YL fund með Helga Gunnarssyni frá borðtennisnefnd ÍF vaðandi hin ýmsu mál er tengjast íþróttinni s.s. flokkunarmál, mótþátttöku o.fl.

11. janúar 2019 áttu fulltrúar ÍF, ÞÁH, HG, AKV og ÓM fund með þáttagerðamönnum „Með okkar augum“ varðandi mögulega aðkomu ÍF að fjármögnun þáttar um þátttöku Íslands í Heimsleikum Special Olympics í mars 2019.

30. janúar 2019 sóttu AKV og ÞÁH ráðstefnu sem haldin var í HR undir yfirskriftinni; „Eru íþróttir leikvangur ofbeldis“. Ráðstefnan var á vegum ISI, UMFÍ o fl. Í framhaldi voru haldnar vinnustofur um málefnið. Fyrirlesarar komu m.a. frá Írlandi, Noregi og Englandi.

NÁMSKEIÐ / RÁÐSTEFNUR INNANLANDS

5. – 6. maí 2017 sátu ÞÁH og JA 73. Íþróttaping ÍSÍ en íþróttaping er æðsti vettvangur íslenskrar íþróttahreyfingar. Fyrir þinginu lágu margar tillögur um ýmis mál er varða málefni íþróttahreyfingarinnar og þar ber án efa hæst reglugerð um afrekssjóð ÍSÍ. Þá var kosið til forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar ÍSÍ auk þess sem útnefnt var í Heiðurshöll ÍSÍ en nú þegar hafa 15 einstaklingar verið útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ m.a. Kristín Rós Hákonardóttir.

17. mars 2018 fór fram kynning á starfi ÍF á málþingi Umsjónarfélags Einhverfra. Vegna forfalla starfsfólks ÍF tók Sigrún Birgisdóttir frkvstj. umsjónarfélags einhverfra að sér að flytja fyrirlestur ÍF en hún flutti fyrirlestur á ráðstefnu SO 2012 sem var mjög athyglisverður. Þar sagði hún m.a. að dóttir sín hefði hætt í sjúkrahjálfun og hætt að kvarta yfir bakverkjum, eftir nokkra mánaða fimleikahjálfun. Erindi Sigrúnar er til staðar á netinu og hún var góður fulltrúi ÍF á staðnum.

23. maí 2017 var haldið EIPET námskeið á Selfossi. Yfirþjálfari Taikwondodeildar Ungmennafélags Selfoss Daníel Jens Pétursson átti frumkvæði að því að EIPET námskeið ÍF var haldið á Selfossi fyrir þjálfara deilda UMFS. Formaður deildarinnar er Ófeigur Ágúst Leifsson formaður Suðra. Óskað var eftir námskeiði fyrir þjálfara Taikwando deildarinnar en stefnt er að því að hefja í haust æfingar fyrir einstaklinga með sérþarfir. EIPET námskeið ÍF var sett á fót af Inga Þór Einarssyni, landsliðsþjálfara ÍF í sundi. Námskeiðið er byggt á 1. Almennri kynningu á hjálfun fólks með sérþarfir og 2. Sérhæfðum þjálfarahluta tengt greinum en það er lengra námskeið og tengt æfingum í grein. Þátttakendur á námskeiðinu á Selfossi voru yfirþjálfarar Taikwondodeildar, frjálsíþróttadeildar og fimleikadeildar, aðstoðarþjálfarar frá knattspyrnudeild, sunddeild. Send hafa verið út bréf til kynningar á EIPET til aðildarfélaga ÍF þar sem hvatt er til þess að félögin sækji um að halda námskeið.

Mars 2018 var haldin ráðstefna ÖBÍ um sérskóla, kosti og galla. Á ráðstefnunni flutti menntamálaráðherra ávarp og lauk því með því að sýna mynd frá Nýárssundmóti IF og ítreka gildi íþróttastarfs í skóla og frístundum. AKV var fulltrúi ÍF á ráðstefnunni

8. maí 2018 var haldin ráðstefna Velferðarráðuneytis um snemmtæka íhlutun. AKV sótti hluta ráðstefnu og setti inn spurningar sem tengjast hreyfiþroska og hreyfiþjálfun. Engin umræða eða „erindi“ voru tengd hreyfiþroska en þegar Björgvin landsliðsmarkvörður kom með sitt erindi sagði hann íþróttir og handbolta hafa bjargað sér, á því tímabili sem hann var að kljást við ADHD og hegðunarvandamál. Af einhverjum ástæðum er hreyfiþroski/hreyfing og íþróttastarf oft „útundan“ í almennri umræðu um lífsgæði og daglegt líf fatlaðra.

8. – 9. janúar 2019 var haldið Eipet námskeið á Ísafirði undir stjórn IPE. Eipet námskeið byggja á fræðslu fyrir þjálfara þar sem hægt er að fá grunnupplýsingar en einnig tengja fræðslu við verklega þjálfun einstaka greina. Einnig er grunnfræðsla í boði sem hentar áhugafólki um íþróttir fatlaðra, kennurum og öðrum sem starfa með börn með sérþarfir. ÍF hefur ítrekað sent út til aðildarfélög upplýsingar um EIPET námskeið og að þau séu í boði ókeypis fyrir öll aðildarfélög ÍF, þjálfarar og aðra sem gætu haft áhuga. Haldin hafa verið námskeið á Húsavík, Selfossi, Reykjavík og nú Ísafirði

14. – 15. febrúar 2019 var haldið þjálfaranámskeið í boccia undir handleiðslu hins norska Egil Lundin.

FUNDIR / NÁMSKEIÐ ERLENDIS

21. – 23. apríl 2017 sat JBÓ aðalfund INAS sem fram fór í Ástralíu.

16. – 17. júní 2017 sátu ÞÁH og ÓM aðalfund EPC sem haldinn var í Katowice í Póllandi. Á fundinum var auk venjulegra aðalfundarstarfa rætt á hvern hátt Evrópa gæti best tryggt „sínu“ fólki brautargengi á aðalfundi IPC sem fram fer í Abu Dabi í september n.k. Nýr formaður var kjörin á fundinum en formaður sl 12 ár, John Peterson, mun bjóða sig fram til forseta IPC

5. – 8. september 2017 var aðalfundur IPC haldinn í Abu Dabi þar sem hæst bar kosning nýs forseta IPC. Fundinn sátu f.h. ÍF þeir ÞÁH og ÓM.

18. – 19. nóvember 2017 sat Karl Þorsteinsson, formaður boccianefndar ÍF undirbúningsfund í Færeyjum vegna Norðurlandamóts sem þar fer fram í maí 2018.

5. – 8. september 2018 sátu ÞÁH og ÓM stefnumótunar- og markaðsfund IPC en fundurinn fór fram í Madrid.

Í janúar 2019 var Hermann Haraldsson, frjálsíþróttahjálfari og fulltrúi frjálsíþróttanefndar ÍF, valinn af hálfu ÍSÍ í námsferð til Noregs en námsferðin bar heitið „Framtíðarhjálfarinn“. Fimm hjálfarar frá hverju landi voru valdir til þátttöku og greiddi ÍF hluta ferðakostnaðar Hermanns vegna þessa verkefnis.

NORD-HIF - Íþróttasamband fatlaðra á Norðurlöndum

22. ágúst 2017 var haldinn Skype fundur Norðurlandanna (Nord-HIF) þar sem framboð hins danska John Petersson til forseta eða varaforseta IPC var til umræðu.

23. október 2017 sat ÓM fund með fulltrúa „All in“verkefnisins, verkefni sem ESB styrkti Nord-HIF til að vinna að og snertir hina ýmsu þætti samstarfs Norðurlandanna um íþróttir fatlaðra. Íslandi var í verkefni þessu falið að vinna upp og setja fram tillögu að skipulagi fyrir „Góða stjórnunarhætti / Good Governance“sem nýta mætti í tengslum við skipurit Nord-HIF.

10. – 11. nóvember 2017 sat Kári Jónsson, annar yfirmaður landsliðsmála ÍF, ráðstefnu í Finnlandi þar sem fjallað var um „nýliðunarverkefni“. Ráðstefna þessi var haldinn í tengslum við „All in“verkefnið.

3. mars 2018 sátu ÞÁH og ÓM aukastjórnarfund Nord-HIF sem haldinn var í Kaupmannahöfn. Á fundinum kynntu ÓM og fulltrúar SPIN fyrirtækis drög að „Góðum stjórnunarháttum / Good Governance fyrir Nord-HIF. Einnig var á fundinum reynt að sætta Svía og Dani eftir upphlaup Svía á síðasta aðalfundi IPC þar sem þeir á síðustu stundu drógu stuðning sinn við framboð hins danska John Peterson til formanns IPC til baka.

25. júní sótti ÓM fund framkvæmdastjóra Nord-HIF í Kaupmannahöfn. Á dagskrá fundarins var, auk undirbúnings fyrir stjórnarfund Nord-HIF í september, að leggja fram til samþykktar og/eða breytinga þau gildi sem Nord-HIF stendur fyrir, markmið samtakanna og framtíðarsýn.

15. – 16. september 2018 sátu ÞÁH og ÓM stjórnarfund Nord-HIF þar sem til umræðu var m.a. staða „All in“ verkefnisins, tillögu að gildum Nord-HIF, markmiðum samtakanna og framtíðarsýn þeirra. Einnig voru til umræður alþjóðamál, samþætting norrænna funda íþróttar- og Ólympíusambandanna og íþróttasambanda fatlaðra á Norðurlöndum (Nord-HIF).

4. október 2018 var haldinn símafundur Nord-HIF, sem ÓM tók þátt í, vegna stöðu mála tengdum „All in“ verkefninu en eins og áður hefur komið fram hafa lönd, að undanteknum Íslandi og Danmörku ekki skilað þeim verkefnum sem þau höfðu tekið að sér og tilskilin eru til styrkveitingar frá ESB.

18. – 19. október 2018 sat ÓM fund íþróttastjóra afreksíþróttar Nord-HIF þar sem til umræðu var m.a. samvinna 6NIT á stórmótum s.s. EM. HM og Paralympicsmótum. PL í Tokyo var þar sérstaklega til umræðu.

12. desember 2019 átti ÓM símafund með fulltrúum „All in“ verkefnisins varðandi verkefni sem Ísland tók að sér f.h. Nord-HIF um tillögu fyrir Norðurlöndin um „Góða stjórnunarhætti/ Good governance“

21. janúar 2019 átti ÓM símafund með framkvæmdastjórum innan Nord-HIF og fulltrúum SPIN vegna „All in“ verkefnisins, verkefni sem styrkt er af ESB.

4. – 5. apríl 2019 sat ÞÁH, í forföllum ÓM, fund framkvæmdastjóra Nord-HIF og fulltrúa “All in” verkefnisins. Fundurinn var m.a. haldinn sem undirbúningur fyrir lokaframvindu verkefnisins, aðalfundar EPC (Evrópudeildar Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra) sem fram fer í maímánuði n.k. og stjórnarfundar Nord-HIF sem fram fer í Reykjavík í septembermánuði n.k.

MÓT INNANLANDS

31. mars – 2. apríl 2017 fóru Íslandsmót ÍF í borðtennis, boccia og lyftingum fram en einnig var keppt í fyrsta sinn í nútímafimleikum og áhaldafimleikum á Íslandsmótinu. Í boccia varð Nes Íslandsmeistari í 1. deild. Í lyftingum setti Hulda Sigurjónsdóttir frá Suðra þrjú ný Íslandsmet og varð því Íslandsmeistari í samanlögðu. Þá varð Vignir Unnsteinsson, ÍFR, Íslandsmeistari í karlaflokki en bæði Hulda og Vignir keppa í flokki þroskahamlaðra. Keppni í borðtennis fór fram í TBR húsinu þar sem Kolfinna Bjarnadóttir varð Íslandsmeistari í opnum flokki og kvennaflokki. Jón Þorgeir og Hilmar Björn höfðu sigur í tvíliðaleik og Guðmundur Hafsteinsson varð sigurvegari í flokki þroskahamlaðra karla. Hákon Atli Bjarkason hafði svo sigur í flokki hreyfihamlaðra karla.

28. maí 2017 fór Bikarmót Íþróttasambands fatlaðra í sundi fram í Kópavogslaug þar sem Íþróttafélagið Fjörður frá Hafnarfirði vann bikarinn tíunda árið í röð! Um var að ræða gríðarlega spennandi keppni þar sem aðeins 137 stig skildu að Fjörð og silfurlið ÍFR.

19. júní 2017 var árlegt minningarmót Harðar Barðdal haldið á þúttvelli Keilis við Hraunkot. Hörður Barðdal var einn af frumkvöðlum íþróttar fatlaðra á Íslandi og hann vann markvisst að því að skapa tækfæri til að auka þátttöku fatlaðra í golfíþróttinni. Í flokki fatlaðra sigraði Bjarki Guðnason, nr 2 var Elín F Olafsdóttir og nr 3 var Sigurður Guðmundsson. Í flokki ófatlaðra sigraði Ingvar Árnason 2. var Kristmann Magnússon og 3. var Ari Sigurðsson. Hvatningarverðlaun hlaut Gauti Árnason

8. – 9. júlí 2017 fór Íslandsmót ÍF utanhúss í frjálsum íþróttum fram á Selfossi en mótið var haldið samhliða meistaramóti Frjálsíþróttasambands Íslands. Íþróttafélagið Eik frá Akureyri hafði öruggan sigur í stigakeppninni auk þess sem árangur var góður í mörgum greinum. Helgi Sveinsson sýndi öryggi í spjótkastinu með 55,98m sem hefði dugað í fjórða sæti ófatlaðra.

13 – 14. október 2017 fór Íslandsmót ÍF í einstaklingskeppni í boccia fram á Húsavík. Umsjón hafði Bocciadeild Völsungs í samstarfi við boccianefnd ÍF. Framkvæmd mótsins var til mikillar fyrirmyndar og Húsvíkingar geta verið stoltir af þessu glæsilega verkefni. Sigurvegari í 1. deild var Guðmundur Örn Björnsson úr Þjóti en önnur úrslit má sjá á heimasíðu ÍF. Dómgæsla á mótinu var í höndum féлага Kíwanisklúbbsins Skjálfanda sem hefur verið helsti bakhjarl deildarinnar frá upphafi. Til aðstoðar voru nemendur úr FSH, Borgarhólsskóla og ýmsir aðilar sem sóttu dómaramámskeið ÍF í boccia.

18. – 19. nóvember 2017 fór Íslandsmót ÍF í sundi í 25m laug fór fram í Laugardalslaug. Tvö ný Íslandsmet litu dagsins ljós og annað þeirra sett í sundhluta SSÍ en ÍM25 hjá ÍF þetta árið fór fram á milli mótshluta hjá Sundsambandi Íslands.

25. – 26. nóvember 2017 fór NM í sundi 50m laug fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði þar sem 19 íslenskir sundmenn voru meðal þátttakenda og voru Íslendingar þar mjög sigursælir! Jón Margeir Sverrisson var stigahæsti sundmaður mótsins í karlaflokki og Róbert Ísak Jónsson var stigahæsti sundmaðurinn í ungmennaflokki. Þá var Maja Reichard frá Svíþjóð stigahæsta konan í fullorðinsflokki og Jenna Rajahalme frá Finnlandi stigahæst í ungmennaflokki kvenna. Ísland vann 21 gullverðlaun á mótinu, 13 í einstaklingsgreinum og 8 í boðsundi. Þá féllu sjö Íslandsmet á mótinu.

6. janúar 2018 fór Nýárssundmót fatlaðra barna og unglinga fór fram í Laugardalslaug þar sem Róbert Ísak Jónsson, íþróttafélaginu Firði, vann Sjómannabikarinn eftirsóttta þriðja árið í röð. Skátar frá Skátafélaginu Kópum stóðu heiðursvörð og tónlistarflutningur var í höndum Skólahljómsveitar Kópavogs. Heiðursgestur mótsins var Lilja Alfreðsdóttir íþrótt-, mennta-, og menningarmálaráðherra.

26. – 28. janúar 2018 fór sundhluti RIG (Reykjavik International Games) fram í Laugardalslaug. Sundmaðurinn Róbert Ísak Jónsson frá Fjörður/SH setti þar þrjú ný Íslandsmet en Róbert sem keppir í flokki þroskahamlaðra S14.

24. febrúar 2018 fór Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í frjálsum íþróttum innanhúss fram í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Alls litu sjö ný Íslandsmet dagsins ljós, Eik varð Íslandsmeistari féлага og hlauparinn Patrekur Andrés Axelsson varð fyrstur Íslendinga til að hlaupa 200m innanhúss í flokki T11 (blindir).

13. – 15. apríl 2018 fóru Íslandsmót ÍF í boccia, sveitakeppni, lyftingum og borðtennis fram, boccia í Laugardalshöll og borðtennis og lyftingar í íþróttahúsi ÍFR.

- Í boccia kom íþróttafélagið Nes sá og sigraði í 1. deild þar sem félagið vann gull, silfur- og bronsverðlaunin.
- Í lyftingum, sem fram fór í samvinnu við KRAFT, voru sett tvö Íslandsmet, Vignir Þór, ÍFR í bekkpressu og Sigríður Sigurjónsdóttir, íþróttafélaginu Suðra í hnébeygju.
- Þá varð Hákon Atli Bjarkason frá ÍFR þrefaldur Íslandsmeistari í borðtennis er hann sigraði í opnum flokki, karlaflokki og tvíliðaleik.

20. - 22. apríl 2018 fór Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í sundi fram í Laugardalslaug. Mótið var haldið í samstarfi og samvinnu við SSÍ þar sem ákveðið var að „okkar“ fólk:

- Synti 50, 100, 200 og 400 m greinar.
- Að ákvörðun sundnefndar ÍF yrðu lágmörk miðuð við 350 stig
- Keppendur ÍF kepptu í morgunhlutanum og verðlaun yrðu afhent að því loknu
- Keppendum ÍF yrði raðað í riðla eftir tímum.
- Keppendur ÍF gætu ekki tekið þátt í úrslitum í SSÍ hlutanum. (ef keppandi ákvæði að keppa í SSÍ hlutanum með þeim skilyrðum að hafa náð lágmörkum SSÍ að þá fengi hann ekki verðlaun í ÍF hlutanum).

Alls tóku 22 sundmenn úr 8 félögum þátt í mótinu þar sem fimm Íslandsmet voru sett, öll í flokki blindra.

28. apríl 2018 fóru fram Íslandsleikar í nútímafimleikum í Klettaskóla. Keppendur eru orðnir fleiri og miklar framfarir hafa orðið í greininni. .

19. maí 2018 fór bikarkeppni ÍF í sundi fram í Ásvallalaug þar sem Íþróttafélagið Fjörður fagnaði sínum 11. bikartitli í röð. Fjörður lauk keppni með 13.488 stig en skammt á hæla Fjarðar kom ÍFR með 13.360 stig.

18. júní 2018 fór minningarmót Harðar Barðdal fram í Hraunkoti, Hafnarfirði. Þetta þúttmót hefur öðlast fastan sess en það er GSFÍ sem stendur að undirbúningi og framkvæmd mótsins. Verðlaun eru veitt í flokki fatlaðra og ófatlaðra og einnig afhentur framfarabikar GSFÍ. Verðlaunapeningar voru gefnir af Péttri H Hansen í Marko Merki sem einnig hannað merki GSFÍ. Elín Fanney Ólafsdóttir varð þúttmeistari í flokki fatlaðra í dag á minningarmóti Harðar Barðdal. Í öðru sæti var Einar Jónsson og Ásmundur Asmundsson í þriðja sæti. Sigurður Guðmundsson hlaut framfarabikar GSFÍ 2018 en hann hefur lækkað sig úr um 13 í forgjöf síðan í vor, kominn með 20. Í flokki ófatlaðra sigraði Kristinn Sörensen, annar var Sigtryggur Brynjarsson og þriðji Jón Ben, faðir Einars.

20.-22. júní 2018 var haldið Íslandsmót í sundi samhliða MÍ í sundi. Mótið var keyrt sem hluti af MÍ og KG tók saman skýrslu um mótið sem staðfesti jákvæða upplifun skipuleggjenda og þátttakenda. Sundsamband Íslands hélt fund sömu helgi þar sem staðfest var að lágmörk myndu gilda inn í úrslit á MÍ.

21. – 22. júlí 2018 fór Íslandsmót ÍF í frjálsum íþróttum fram á Akureyri. Umsjón hafði frjálsíþróttanefnd ÍF í samstarfi við UFA, Ungmennafélag Akureyrar.

5. – 7. október 2018 var Íslandsmót ÍF í boccia einstaklingskeppni haldið með glæsibrag í Vestmannaeyjum. Umsjón hafði íþróttafélagið Ægir undir stjórn formanns félagsins Sylvíu Guðmundsdóttur í samstarfi við boccianefnd ÍF. Glæsileg mótssætning var á föstudagskvöld þar sem m.a. var kynnt sérstakt mótslag. Jósef W Danielsson Nes, var efstur í 1 deild, í rennuflokki var efstur Bernharður Jökull Hlöðversson, Ægi og í flokki BC 1 - 4 var efstur Ingi Björn Þorsteinsson IFR. Verðlaun veittu Þórður A Hjaltsted formaður IF, Vigdís Svavarsdóttir, frá logreglunni f.h. LETR og Sylvía Guðmundsdóttir formaður Ægis. Á lokahófi ÍF afhenti Margrét Kristjánsdóttir, í stjórn ÍF, formanni Ægis áletraðan platta frá Íþróttasambandi fatlaðra og þakkaði formanni og stjórn Ægis og öllum sem aðstoðuðu við

undirbúning og framkvæmd Íslandsmótsins fyrir sitt framlag og frábært samstarf. Til hamingju með árangurinn, keppendur og glæsilegt mót Ægir og Eyjamenn. Fulltrúar ÍF á mótinu voru ÞÁH, AKV og MK auk boccianefndar IF undir stjórn Karls Þorsteinssonar.

9. – 11 nóvember 2018 fór fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði sameiginlegt Meistaramót Íslands í sundi 25m laug en á mótinu syntu allir bestu sundmenn landsins, fatlaðir og ófatlaðir. Glæsilegur árangur náðist í flokkum fatlaðra á mótinu þar sem Már Gunnarsson, Róbert Ísak Jónsson og Thelma Björg Björnsdóttir settu Íslandsmet í sínum flokkum. Aðrir sundmenn úr röðum fatlaðra stóðu sig einnig vel og voru að synda nálægt sínum bestu persónulegu tímum. Hafnfirðingurinn ungi Róbert Ísak Jónsson, SH sem keppir í flokki þroskahamlaðra S14, náði þeim árangri að synda sig inn í úrslit í flokki ófatlaðra bæði í 100m flugsundi og 400m fjörsundi. Í úrslitunum gerði hann sér síðan lítið fyrir og nældi sér í brons- og silfurverðlaun.

5. janúar 2019 fór Nýárssundmót fatlaðra barna og unglunga fram í Laugardalslaug. Um 40 börn kepptu á mótinu sem var nú haldið í þrítugasta og sjötta sinn. Fjarðarkonan Tanya Jóhannsdóttir (S7) vann Sjómannabikarinn 2019 fyrir stíghæsta sund mótsins en þetta er fjórða árið í röð sem sundmaður úr röðum Fjarðar í Hafnarfirði vinnur Sjómannabikarinn. Hr. Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra var heiðursgestur mótsins og afhenti öllum keppendum þátttökuverðlaun. Þá afhenti hann einnig Sjómannabikarinn sem sjómaðurinn Sigmar Ólason frá Reyðarfirði gaf til keppinnar árið 1984!

19. – 20. janúar 2019 fór Stórmót ÍR í frjálsum innanhúss fram í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Þar settu þau Stefanía Daney Guðmundsdóttir og Jón Margeir Sverrisson, sem bæði keppa í flokki F/T 20, fjögur ný Íslandsmet.

26. – 27. janúar 2019 fóru fram Reykjavíkurlaikarnir (RIG) Sundmaðurinn Róbert Ísak Jónsson Fjörður/SH vann til silfurverðlauna á mótinu í 200m fjörsundi og setti tvö ný og glæsileg Íslandsmet. Róbert sem keppir í flokki S14 (þroskahamlaðir) keppti í opnum flokki á mótinu þar sem ekki var keppt í sérstökum flokkum fatlaðra á RIG.

9. – 10. febrúar 2019 fór Gullmót KR í sundi fram í Laugardalslaug. Sundmennirnir Már Gunnarsson, ÍRB, og Róbert Ísak Jónsson, Fjörður/SH, settu saman fjögur ný Íslandsmet á mótinu, Már með þrjú ný met og Róbert eitt.

23. – 24. febrúar 2019 fór Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í frjálsum innanhúss fram í Kaplakrika. Þrjú ný Íslandsmet litu dagsins ljós og fjöldi persónulegra bætinga. Mótið fór fram við flottar aðstæður í Kaplakrika undir styrki stjórn Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks of frjálsíþróttanefndar IF en Íslandsmót ÍF fór fram í tengslum við Meistaramót Frjálsíþróttasambands Íslands. Stíghæsta félagið í keppni milli félaga var Eik á Akureyri

1. – 2. mars fór hraðmót Fjölnis fram í Laugardalslaug þar sem kapparnir Róbert Ísak Jónsson og Már Gunnarsson settu þrjú ný Íslandsmet.

16. mars 2019 varð bogfimimaðurinn Þorsteinn Halldórsson annar á Íslandsmóti Bogfimisambandsins innanhúss í keppni á trissuboga.

5. - 7. apríl 2019 var haldið Íslandsmót ÍF í boccia, sveitakeppni, lyftingum og borðtennis auk Íslandsmóts í sundi samhliða MÍ. Boccia var í Laugardalshöll og borðtennis og lyftingar í íþróttahúsi ÍFR. Sundkeppni fór fram í Laugardalslaug. Einnig voru haldnir Íslandsleikar Special Olympics í frjálsum íþróttum í Kaplakrika á föstudagskvöldinu.

MÓT ERLENDIS

27. – 30. apríl 2017 tóku Róbert Ísak Jónsson og Þórey Magnúsdóttir þátt í opna breska meistaramótinu í sundi, sem fór fram í Sheffield, Mótið var í öruggum höndum heimamanna í Sheffield og komust þau Róbert og Þórey vel frá sínu þar sem Róbert Ísak sló m.a. gamalt Íslandsmet sem var áður í eigu Gunnars Arnars Ólafssonar.

5. – 7. maí 2017 tók spjótkastarinn Helgi Sveinsson þátt í opna ítalska frjálsíþróttamótinu. Þar bætti hann eigið heimsmet um um 2.41m og nýja heimsmetið því 59.77m - glæsilegt afrek og sannar að hann er óumdeilanlega sá besti í þessum sameinuðu flokkum. Á mótinu kepptu allir sterkustu frjálsíþróttamenn álfunnar en mótið var liður í undirbúningi frjálsíþróttafólksins fyrir HM í frjálsum íþróttum sem fram er í London í júlímánuði n.k. Helgi mun fram að HM í London taka þátt í tveimur sterkum mótum - opna þýska og opna franska

30. – 31. maí 2017 tók Helgi Sveinsson þátt í Grand Prix mótaröð IPC í frjálsum íþróttum sem fram fór í París í Frakklandi. Vann Helgi þar til gullverðlauna þar sem hann átti stigahæsta kastið í spjótkestkeppninni en lengsta kast hans var 56,06 metrar.

2. – 11. júní 2017 tók sundkonan Thelma Björg Björnsdóttir úr ÍFR þátt í Berlín Open í sundi þar sem hún setti m.a. fjögur ný Íslandsmet.

4. - 11. júní 2017 tók bogfimimaðurinn Þorsteinn Halldórsson þátt í opna Europa Cup mótinu sem fram fór í Olbia á Ítalíu þar sem hann tapaði naumlega í átta manna úrslitum.

15. – 17 júní 2017 tóku fjórir frjálsíþróttamenn, Helgi Sveinsson, Patrekur Andrés Axelsson, Stefanía Daney Guðmundsdóttir og Hulda Sigurjónsdóttir, þátt á Berlín Grand Prix mótinu í Þýskalandi þar sem þrjú ný Íslandsmet litu dagsins ljós. Að auki vann Helgi Sveinsson til gullverðlauna í spjótkesti, Hulda til silfurverðlauna í kúluvarpi, Patrekur Axel til bronsverðlauna í 200m hlaupi og Stefanía Daney til bronsverðlauna í langstökki.

14. – 23. júlí 2017 fór HM fatlaðra fram í London. Helgi Sveinsson var eini íslenski keppandinn sem þátt tók í mótinu þar sem hann keppti í spjótkesti flokki F42-44. Helgi hafnaði í 2. sæti, kastaði lengst 56,74 metra sem jafnframt heimsmeistaramótsmet fyrir flokk F42 en það met mun standa a.m.k. næstu tvö árin eða þangað til HM fer fram á nýjan leik árið 2019. ÞÁH var viðstaddur keppnina auk þess að sækja ýmsa fundi tengda mótinu.

15. – 23. júlí 2017 tók Þorsteinn Halldórsson þátt í opna Europa Cup mótinu sem fram fór í Nove Mesto í Tékklandi. Hann féll út í níu manna úrslitum. Þátttaka Þorsteins í ofangreinum mótum er liður í undirbúningi fyrir þátttöku í HM í bogfimi sem fram fer í Peking í Kína.

Þorsteinn æfði í ágúst 2017 með norska bogfimilandsliðinu sem liður í undirbúningi fyrir HM

30. júlí – 7. ágúst 2017 fór HM fatlaðra ungmenna í frjálsum íþróttum fram í Nottwil í Sviss þar sem Ísland tefldi fram fjórum keppendum. Á mótinu var boðið upp á alþjóðlega flokkun sem allir íslensku kneppendurnir hlutu. Ein verðlaun unnust á mótinu en Fannar Logi Jóhannesson vann til bronsverðlauna í langstökki þroskahamlaðra keppenda (F20). Allir íslensku keppendurnir bættu sinn besta árangur sem veður vonir um að hér hafi verið á ferðinni framtíðar afreksfólk ÍF í frjálsum íþróttum

12. – 17. september 2017 fór HM í bogfimi fram í Peking í Kína þar sem Þorsteinn Halldórsson var meðal keppenda. Þorsteinn mætti í 48 manna úrslitum Hong Kong manninum Ngai Ka Chuen sem nauman 136-129 sigur á Þorsteini sem var þá úr leik.

28. október – 4. nóvember 2017 var fjórða Evrópumótið í sundi fyrir fólk með Downs Syndrom S16 er haldið í Paris – Bobigny. Einn íslenskur keppandi tók þátt í mótinu, Kristín Þorsteinsdóttir, frá Íþróttafélaginu Ívari á Ísafirði. Kristín er ein fremsta sundkona heims í flokki kvenna S 16 og vann til verðlauna í öllum keppnisgreinum sem hún tók þátt í en hún keppti í 5 greinum á mótinu.

- Mót DSISIO voru sett á fót af aðstandendum og áhugafólki sem vildi gefa íþróttafólki með downs heilkenni kost á að keppa í sérflokkum á alþjóðlegu móti. Þessi flokkur er ekki til staðar á mótum IPC en þar keppir íþróttafólk með þroskahömlun í einum flokki karla og einum flokki kvenna. Þessi mót eru því utan kerfis IPC en hafa gefið mörgum tækifæri til að láta ljós sitt skína á alþjóðavettvangi.

2. – 8. desember 2017 fór HM í sundi fram í Mexíkóborg. Fjórir Íslendingar voru meðal þátttakenda þau; Sonja Sigurðardóttir, Thelma Björg Björnsdóttir, Róbert Ísak Jónsson og Már Gunnarsson. Íslensku sundmennirnir komu heim með fimm verðlaun frá mótinu og einn heimsmeistaratitil eftir sigur Róberts Ísaks í 200m fjórsundi. Róbert vann eitt gull og tvö silfur á mótinu og þær Thelma og Sonja unnið sín bronsverðlaunin hvor.

- Mótið sjálf átti að fara fram um mánaðarmótin september og október á þessu ári en fresta varð mótahaldinu sökum náttúrhamfaranna sem dundu á Mexíkó með jarðskjálftunum. Heimamenn héldu engu að síður ótrauðir áfram í samstarfi við Alþjóða Ólympíuhreyfingu fatlaðra (IPC) héldu mótið en nokkur afföll urðu á meðal þátttökuþjóða og því aðeins færri keppendur við mótið en upphaflega var gert ráð fyrir. Sem dæmi sáu sterkar sundþjóðir á borð við Ástralíu og Bretland sér ekki fært að taka þátt eftir að breytt dagsetning á mótinu var auglýst.

11. – 13. maí 2018 fór NM í boccia fram í Færeyjum og gekk ferðin vel þó svo Íslendingar hafi ekki átt spilara sem náðu á pall. Nokkrir leikir unnust hjá íslensku keppendum sem er framför frá mótinu 2016 þar sem Íslandi gekk afleitlega. Annars var ferðin lærdómsrík en merkja mátti hraða þróun í búnaði hjá „rennuspilurum“ - þar þarf Ísland að gera stór átak.

18. – 20. maí 2018 tóku fimm íslenskir frjálsíþróttamenn þátt í opna ítalska frjálsíþróttamótinu. Mótið var m.a. undirbúningur fyrir EM í frjálsum íþróttum þ.e. lágmarkamót, auk þess sem keppendur voru flokkaðir að ósk IPC. Tvö Íslandsmet litu dagsins ljós bæði í hlaupum/flokkum blindra.

31. maí – 3. júlí 2018 tóku sundmennirnir Róbert Ísak Jónsson og Þórey Ísafold Magnúsdóttir þátt í opna breska sundmótinu sem fram fór í í Sheffield í Bretlandi en þau keppa bæði í flokki S14 (þroskahamlaðir). Tvö Íslandsmet voru sett á mótinu en mótið var m.a. undirbúningur fyrir EM í sundi þ.e. lágmarkamót auk þess sem keppendur voru flokkaðir.

7. – 10. júní 2018 tók Þorsteinn Halldórsson þátt í opna ítalska bogfimumótinu. Á mótinu fékk hann staðfesta flokkun sína auk þess sem hann fékk útbúnað sinn (nýjan gíkk) samþykktan. Mótið var m.a. undirbúningur fyrir EM í bogfimi.

7. – 10. júní 2018 fór opna þýska sundmótið fram í Berlín í Þýskalandi þar sem 10 Íslandsmet litu dagsins. Mótið var m.a. undirbúningur fyrir EM í sundi þ.e. lágmarkamót auk þess sem keppendur voru flokkaðir að ósk IPC.

15. – 17. júní 2018 tók Patrekur Andrés Axelsson þátt í opna franska meistaramótinu þar sem hann setti tvö Íslandsmet í 100 og 200 m hlaupi blindra.

12. – 15. júlí 2018 tók Arna Sigríður Albertsdóttir þátt í alþjóðlegri keppni í handhjólreiðum sem haldin var í Emmen í Hollandi. Markmið ferðarinnar var þríþætt. Að klára flokkun Örnú, að gefa Örnú keppnisreynslu og að gefa Inga Þór Einarssyni, fyrir hönd ÍF, innsýn í þessa íþrótt. Arna fékk staðfesta H3 flokkun og af þeim 22 sem tóku þátt í varð Arna númer 14.

2. – 6. 2018 ágúst tók Arna Sigríður Albertsdóttir þátt í HM í handhjólreiðum en mótið fór fram í Magiano á Ítalíu. Líkt og á mótinu í Hollandi endaði Arna Sigríður í miðjum hóp þeirra sem þátt tóku.

11. – 19. 2018 ágúst fór EM í bogfimi fram í Pilzen í Tékklandi. Vegna meiðsla gaf Þorsteinn Halldórsson ekki kost á sér til keppni á mótinu.

13. – 19. ágúst 2018 tóku sex íslenskir sundmenn þátt í EM í sundi sem fram fór í Dublin á Írlandi. Íslensku keppendurnir voru: Róbert Ísak Jónsson sem keppir í flokki þroskahamlaðra, Sonja Sigurðardóttir, Thelma Björg Björnsdóttir og Hjörtur Már Ingvarsson sem keppa í flokki hreyfihamlaðra og Mar Gunnarsson og Guðfinnur Karlsson sem keppa í flokki blindra- og sjónskerta. Góður árangur náðist á mótinu þar sem tvenn silfurverðlaun unnust og tíu Íslandsmet litu dagsins ljós. Róbert Ísak Jónsson, íþróttafélaginu Firði, vann þessi tvö silfurverðlaun auk þess að setja tvö Íslandsmet.

20. – 26. ágúst 2018 fór EM í frjálsum íþróttum fram í Berlín í Þýskalandi. Sex keppendur tóku þátt í mótinu fyrir Íslands hönd en það voru Jón Margeir Sverrisson, Stefanía Daney Guðmundsdóttir og Hulda Sigurjónsdóttir sem kepptu í flokki þroskahamlaðra, Patrekur Axel Aðalsteinsson sem keppir í flokki blindra og Bergrún Óska Aðalsteinsdóttir og Helgi Sveinsson sem keppti í flokki hreyfihamlaðra. Á mótinu vann Helgi Sveinsson til bronsverðlauna en því ber að halda til haga að Helgi, með leyfi lækna, keppti meiddur á olnboga. Þá vann Bergrún Ósk, sem þarna tók þátt í sínu fyrsta stórmóti, til silfurverðlauna og tvennra bronsverðlauna á mótinu, aðrir keppendur voru við sinn besta árangur.

Patrekur Andrés Axelsson, sem keppir í flokki T11 (blindir) og einnig var að taka þátt á sínu fyrsta stórmóti náði ekki að ljúka hlaupi þar sem aðstoðarhlaupari hans, Andri Snær Ólafsson, meiddist á fæti í miðju hlaupi.

Vegna þessa birti ÍF neðangreint á heimasíðu sinni www.issport.is

„Spretthlauparinn Patrekur Andrés Axelsson hefur lokið keppni á Evrópumeistaramóti fatlaðra í frjálsum. Þessi frumraun Patreks á EM fékk snarpan endi þegar leiðsöguhlaupari hans Andri Snær Ólafsson meiddist miðja vegu í hlaupinu í undanrásum í 100m T11 keppninni. Í flokki Patreks T11 (alblindir) er það skylda hlaupara að keppa með leiðsöguhlaupara. Án leiðsöguhlaupara fá íþróttamenn ekki að keppa í spretthlaupi T11 skv. reglum Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra. Um leið og ljóst varð um meiðsli Andra Snæs Ólafssonar fór hópstjórn íslenska hópsins á fullt í að kanna möguleikann á öðrum leiðsöguhlaupara til að framkvæma hlaup dagsins með Patreki. Reglum samkvæmt er ekki heimilt að nota leiðsöguhlaupara frá öðrum löndum, sá hinn sami yrði að vera íslenskur.

Fleiri flækjur skautu upp kollinum við vinnslu málsins en eina mögulega niðurstaðan að svo stöddu var úrskráning úr 200m hlaupi og því miður ferð án úrslita hjá Patreki á sitt fyrsta Evrópumeistaramót.

Patrekur hefur tekið þessari niðurstöðu faglega þrátt fyrir þessi gríðarlegu vonbrigði en hann hefur lagt allt sitt í sölurnar undangengna mánuði við að ná sem bestum úrslitum á EM. Samstarf spretthlaupara og leiðsöguhlaupara í flokki blindra er afar náíð og er einkar mikil samhæfing sem fer þar fram svo það er því miður ekki hægt að setja hvern sem er í þetta krefjandi hlutverk. Patrekur er frumkvöðull í íþróttum fatlaðra á Íslandi sem fyrsti alblindi spretthlaupari þjóðarinnar. Sem slíkur er hann að feta ótroðnar slóðir og á þeirri vegferð geta verið ljón í veginum en Íþróttasamband fatlaðra í samvinnu við íþróttamanninn og þá fjölmörgu sem standa þétt við bak hans munu vinna öttulega við að ryðja þeim úr veginum“.

23. – 26. ágúst 2018 fóru fram í Vejen í Danmörku æfingabúðir afreksunglinga en þangað sendi ÍF fjóra þátttakendur, tvo í sundi og tvo í frjálsum íþróttum.

7. – 9. 2018 desember tóku sex íslenskir sundmenn þátt í Norðurlandamóti fatlaðra og ófatlaðra í 25m laug sem fram fór í Oulu í Finnlandi. Hafnfirðingurinn Róbert Ísak Jónsson, sem keppir í flokki þroskahamlaðra (S14), var þar fremstur meðal jafningja og varð fjórfaldur Norðurlandameistari. Þá vann Thelma B. Björnsdóttir til silfurverðlaun, en hún keppir í flokki hreyfihamlaðara (S6), auk þess að setja eitt Íslandsmet og Þórey Ísafold Magnúsdóttir, sem keppir í flokki þroskahamlaðra (S14), vann til brons- og silfurverðlauna.

16. janúar 2019 varð Hilmar Snær Örvarsson fyrstur Íslendinga til þess að vinna sigur á heimsbikarmótaröð IPC í alpagreinum en mótið fór fram í Zagreb í Króatíu þar sem heimsbikarmótið í svigi fór fram. Hilmar var annar eftir fyrri ferðina í dag en glæsileg frammistaða í seinni ferð honum sigri.

23. janúar 2019 hafnaði skíðamaðurinn Hilmar Snær Örvarsson frá Skíðadeild Víkings í 4. sæti í svigi á Heimsmeistaramóti IPC í alpagreinum sem fram fór í Slóveníu en hann var aðeins sekúndubrotum frá því að komast á verðlaunapall. Þá hafnaði Hilmar í 20. sæti í stórsvigi – sannarlega stórglæsilegur árangur hjá drengnum.

14. – 16. mars 2019 tók borðtennismaðurinn Hákon Atli Bjarkason þátt í opna ítalska borðtennismótinu sem fram fór í Lignano á Ítalíu. Á mótinu hlaut Hákon alþjóðlega flokkun.

20. – 22. mars 2019 tók Hákon Atli síðan þátt í opna spænska borðtennismótinu sem fram fór í Barcelona á Spáni.

25. – 28. apríl 2019 tóku sex íslenskir þátt í opna breska sundmótinu sem fram fór í í Glasgow í Skotlandi. Mótið var m.a. undirbúningur fyrir HM í sundi þ.e. lágmarkamót auk þess sem keppendur voru flokkaðir.

PARALYMPICS / ÓLYMPIÚMÓT FATLAÐRA

Æfingabúðir Yfirmanna landsliðsmála (YL) hjá ÍF

- 2. – 3. júní 2017 voru aðrar æfingabúðir afreksfólks ÍF haldnar undir handleiðslu Yfirmanna landsliðsmála (YL) ÍF.

- 15. – 16. september 2017 fóru þriðju æfingabúðir landsliðsfólks ÍF fram undir stjórn YL.
- 10. – 11. nóvember 2017 fóru fjórðu æfingabúðir landsliðsfólks ÍF fram undir stjórn YL.
- 9. – 20. janúar 2018 fóru fyrstu æfingabúðir yfirmanna afreksmála ÍF árið 2018 fram í Laugardal. Hátt í 40 íþróttamenn úr sjö íþróttagreinum hittust þá undir leiðsögn YL, þeirra Kára Jónssonar og Inga Þórs Einarssonar.
- 9. – 11. mars 2018 fóru fram í Sjúalandsskóla í Garðabæ æfingabúðir í boccia fyrir þá einstaklinga sem valdir voru til þátttöku í NM í boccia sem fram fór í Færeyjum 11. – 13. maí 2018.
- 23. – 24. mars 2018 fóru aðrar æfingabúðir landsliðsfólks ÍF 2018 fram undir stjórn YL. Tilgangur æfingabúðanna þessara æfingabúða var að hitta EM kandidata ásamt þjálfurum þeirra og aðstoðarfólki.
- 1. desember 2018 fóru æfingabúðir YL fram þar sem leiðin til Tokyo 2020 var kynnt þ.e. ferlið til að tryggja sér þátttöku þar. Auk þess var á dagskrá „Heilsuráð við löng ferðalög og framandi slóðir“, kynning á menningu og umhverfi Tokyo auk fyrirlesturs um „Hvernig myndast hópur sem aðstoðar og hvetur“.

VetrarParalympics/Ólympíumót fatlaðra

27. febrúar 2018 var haldinn blaðamannafundur þar sem þátttaka Íslands á VetrarParalympics / Ólympíumóti fatlaðra fram í PyeongChang í Suður-Kóreu var kynnt.

9. – 18. mars 2018 fóru 12. VetrarParalympics/Ólympíumót fatlaðra fram í PyeongChang í Suður-Kóreu þar sem Hilmar Snær var meðal 569 keppenda sem komu frá 49 löndum. Á mótinu var keppt í alpagreinum, norrænum greinum, skíðaskotfimi, snjóbrettum, íshökký og „krullu“. Hilmar, sem er aðeins 17 í svigi ára, stóð sig frábærlega á mótinu en hann hafnaði í 20. sæti í stórsvigi og 13. sæti í svigi. Með árangri sínum hækkar hann sig verulega á styrkleikalistanum og alveg ljóst að Hilmar getur náð í fremstu röð með meiri þjálfun, styrkjum og utanumhaldi af hálfu ÍF.

Heiðursgestir ÍF á mótinu voru þau Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra og Helga Steinunn Guðmundsdóttir, formaður Samherjasóðsins og fyrrum varaforseti ÍSÍ

- Á Paralympics ríkir sú hefð að borgarstjóra Ólympíuþorpsins er færð gjöf frá hverju því landi sem í þorpinu býr. Gjafir þessar eru veittar með viðhöfn þegar landið er boðið velkomið í þorpið og afhenti Jón Björn Ólafsson, aðalfarastjóri íslenska hópsins gjöfina sem hönnuð var af Inga Bjarnasyni, eiganda SIGN en fyrirtækið hefur áður stutt ÍF vegna Paralympics leika.

8. apríl 2018 bauð mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, til móttöku þar sem þeir keppendur sem kepptu á Vetrarólympíuleikunum og Vetrar-Paralympics í PyeongChang 2018 voru heiðraðir. Að því tilefni var keppendum og öðrum þátttakendum veittar viðurkenningar frá mótshöldurum í Suður-Kóreu, IOC (Alþjóðaólympíuhreyfingunni) og ÍSÍ sem og IPC (Alþjóðaólympíuhreyfingu fatlaðra).

- Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, og Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, afhentu þátttakendum á Vetrarólympíuleikunum viðurkenningar og þeir Þórður

Árni Hjaltested, formaður Íþróttasambands fatlaðra, og Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri afrekssviðs Íþróttasambands fatlaðra, afhentu þátttakendum á Vetrar-Paralympics viðurkenningar.

28. janúar 2019 var upplýst að Alþjóða Ólympíuhreyfing fatlaðra hafi ákveðið að rifta samningi sínum við yfirvöld í Malasíu en heimsmeistaramót fatlaðra í sundi átti að fara þar dagana 29. júlí - 4. ágúst. Stjórn IPC ákvað að rifta samningi mótahaldsins þar sem yfirvöld í Malasíu ákváðu að veita ekki keppendum frá Ísrael vegabréfsáritun inn í landið. Í fréttatilkynningu frá IPC segir Andrew Parsons forseti IPC: „Öll heimsmeistaramót verða að vera aðgengileg íþróttafólki allra þjóða og þau verða að geta keppt við öryggi og um leið laus undan mismunun. Þegar mótshaldari útilokar ákveðna aðila frá þátttöku af pólitískum ástæðum höfum við engan annan kost en að leita að nýjum mótshaldara“.

Nýverið tilkynnti svo Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra hvar heimsmeistaramót fatlaðra í sundi 2019 muni fara fram en London dagana 9.-15. september.

FJÁRMÁL OG SAMNINGAR

25. mars 2017, á Sambandsþingi sínu, endurnýjaði ÍF þrjá nýja samstarfs- og styrktarsamninga við Rúmfatalagerinn, Bláa Lónið og Valitor. Rúmfatalagerinn og Valitor hafa verið samstarfsaðilar ÍF um árabil og hin síðari ár hefur Bláa Lónið komið inn af miklum krafti í samstarfið.

29. mars 2017 sat AKV fund Kwk. Geysis þar sem hún kynnti starfsemi ÍF og veitti viðtöku styrk að upphæð kr. 100.000.-

22. maí 2017 skrifaði ÞÁH undir endurnýjaðan samstarfs- og styrktarsamning við Arion og gildir samningurinn til fjögurra ára eða fram yfir Paralympics/Ólympíumót fatlaðra í Tokyo 2020.

IPC – Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra hefur kynnt að Toyota International verði einn af alalstyrktaraðilum samtakanna til ársins 2024. Aðildarlönd IPC munu njóta góðs af samstarfinu og fá í sinn hlut árlegar greiðslur auk þess að geta samið sérstaklega við umboðsaðila Toyota í hverju landi.

21. júní 2017 áttu ÞÁH og ÓM fund með Kristni Bjarnasyni varðandi nýjan samstarfssamning Toyota á Íslandi og ÍF um stærsta samstarfs- og styrktarsamningur sem ÍF hefur undirritað.

8. ágúst 2017 var ÍF ánafnað styrk að upphæð kr. 300.000.- sem var ágóði af uppboði á áritaðri treyju leikmanna Manchester City sem spiluðu svokallaðan ofurleik hér á landi gegn West Ham.

17. ágúst 2017 skrifaði ÞÁH undir endurnýjaðan samstarfssamning við Íslenska Getspá og er samningurinn er til veggja ára.

28. ágúst 2017 áttu Halldór Guðbergsson (HG) og ÓM fund með formanni Blindrafélagsins varðandi mögulega styrkkveitingu og aðkomu félagsins við undirbúning og vonandi þátttöku tveggja blindra íþróttamanna í Paralympics í Tokyo 2020.

11. september 2017 skrifaði ÞÁH undir samstarfssamning við Toyota sem er stærsti samningur sem ÍF hefur hingað til gert við fyrirtæki. Samningurinn felur m.a í sér afnot af Toyotabílum og árlegan styrk til fjögurra íþróttamanna.

3. október 2017 kynnti Afrekssjóður ÍSÍ viðbótarstyrk til ÍF vegna landsliðsverkefna.

6. október 2017 undirritaði ÞÁH samning við íþróttfræðisvið Háskólans í Reykjavík varðandi styrk ÍF til meistaranema skólans. Samningurinn er til tveggja ára þar sem HR og meistaraneminn skuldbinda sig til að gera yfirgripsmikla rannsókn á líkamlegri getu, hreyfifærni og sálfræðilegum áttum afrekshóps ÍF sem YL velja.

17. október 2017, í tengslum við Paralympic daginn, var undirritaður samningur milli Afrekssjóðs ÍSÍ og ÍF en samninginn undirrituðu f.h. ÍF JA og HG og f.h. ÍSÍ þau Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Ása Ólafsdóttir, varaformaður Afrekssjóðs ÍSÍ.

Í kjölfar fundar sem Halldór Guðbergsson (HG) og ÓM áttu fund með formanni Blindrafélagsins varðandi mögulega strykveitingu og aðkomu félagsins við undirbúning og vonandi þátttöku tveggja blindra íþróttamanna í Paralympics í Tokyo 2020 sendi ÓM bréf til Blindrafélagsins stuðningi frá félaginu. Svar hefur borist og „Styrkur til sjálfstæðis“ var samþykktur.

2. desember 2017 var samstarfs- og styrktarsamningur ÍF við Toyota formlega kynntur.

12. desember 2017 skrifaði ÞÁH undir endurnýjaðan samstarfssamning við Atlantsólú og gildir samningurinn vegna áranna 2017 og 2018.

13. desember 2017 skrifaði ÍF undir samstarfssamning við Blindrafélagið vegna undirbúnings og þátttöku íþróttamannanna Patreks A. Axelssonar og Más Gunnarssona. Samningurinn er til þriggja ára eða fram yfir Paralympics/Ólympíumót fatlaðra í Tokyo 2020.

18. janúar 2018 veitti ÞÁH viðtöku 150 styrk frá Kwk. Heklu sem meðal starfsfólks ÍF eru kallaðir „Vorboðarnir ljúfu“ því með hækkandi sól koma þeir ávallt færandi hendi.

18. janúar 2018 gerður ÍF og Greiðslumiðlun ehf með sér samning um notkun aðildarfélaga sambandsins á „Nóra“, sem er vefskráningar og greiðslukerfi fyrir íþróttafélög, félagasamtök o.fl. „Nóri“ auðveldar utanumhald á uppsetningu námskeiða, skráningu þátttakenda, greiðslum, uppgjörum og býður að auki tengingar við ýmis kerfi sveitarfélaga og annarra. Þannig nýta fölmörg sveitarfélög sér tengingar frá „Nóra“ við frístunda og hvatakerfi auk þess sem útskrár fyrir Felix, félagakerfi ÍSÍ eru í boði.

22. janúar 2018 skrifaði ÞÁH undir endurnýjaðan samstarfssamning við Icelandair. Samningurinn er í líkingu við samning fyrri ára með afslætti á flugfargjöldum og styrkuppþæð í samræmi við fjölda farþega sem verðast á vegum ÍF með Icelandair.

12. febrúar 2018 veitti ÞÁH viðtöku styrk úr hendi félagsmálaráðherra, Ásmundar Einars Daðasonar. Styrkurinn er ætlaður fyrir verkefni á vegum sambandsins sem miða að því að auka þátttöku fatlaðra barna í íþróttum.

14. febrúar 2018 veitti ÞÁH viðtöku gjöf frá SIGN sem veitt verður í tengslum við VetrarParalympics/Ólympíumóti fatlaðra.

20. febrúar 2018 gerðu 66° norður og ÍF með sér samstarfs- og styrktarsamning sem felur í sér að fyrirtækið klæði keppendur/þátttakendur ÍF alpagreinum s.s. vegna VetrarParalympics sem og komandi Heims- og Evrópumótum. Samningurinn er til tveggja ára og er sambærilegur við þann sem Skíðasambandið SKÍ hefur gert við 66°.

2. maí 2018 veitti HG, gjaldkeri ÍF, viðtöku styrk frá Lionsklúbbum Víðarr vegna kaupa á verðlaunapeningum til Íslandsmóta ÍF á árinu 2018.

19. mars 2018 barst svar frá Afrekssjóði ÍSÍ vegna umsóknar sem send var til sjóðsins vegna Afreksstyrkja til ÍF fyrir árið 2018. Tilkynnti sjóðurinn að samþykktur hefði verið styrkur til ÍF að upphæð kr. 15.5000.000.- sem fyrstu úthlutun, en vænta mætti viðbótarframlags seinna á árinu.

7. maí 2018 tilkynnti Afrekssjóður ÍSÍ um viðbótarúthlutun til ÍF að upphæð kr. 5.050.000.- en áður hafði sjóðurinn samþykkt styrk til sambandsins að upphæð kr. 15.500.000.- sem fyrstu úthlutun.

29. september 2018, í tengslum við Paralympic dag ÍF, var staðfestur áframhaldandi samstarfssamningur ÍF og afrekssjóðs ÍSÍ. Það voru þau Andri Stefánsson, sviðsstjóri afrekssviðs ÍSÍ, Ása Ólafsdóttir varaformaður afrekssjóðs ÍSÍ, ÞÁH formaður ÍF og ÓM, framkvæmdastjóri fjármála og afrekssvið sem staðfestu samninginn. Með tilkomu hærri styrks frá afrekssjóði ÍSÍ hefur starfið náð að eflast og tveir yfirmenn landsliðsmála, hafa nú yfirumsjón með uppbyggingu á afrekssstarfi ÍF og fylgja eftir afrekssstefnu sambandsins.

Vegna reksturs Sumarbúða ÍF hafa bréf verið send til Reykjavíkurborgar, ÖBÍ, Blindrafélagsins, Sjáfsbjargar, Ás styrktarfélags, Velferðarsjóðs barna og Pokasjóðs þar sem óskað var eftir styrk vegna sumarbúðanna 2018. Allir ofangreindir aðilar veittu styrki til verkefnisins og kunnum við þeim okkar bestu þakkir fyrir velvilja og veittan stuðning gegnum tíðina.

Gegnum tíðina hafa bréf verið send til Lionsklúbbsins Víðarrs með ósk um stuðning vegna kaupa á verðlaunapeningum til Íslandsmóta ÍF en klúbburinn hefur verið einn traustasti bakhjarl sambandsins í áraraðir. Líkt og undangengin ár samþykktu þeir styrki bæði fyrir árið 2018 og 2019.

ÍF hefur móttækið styrk að upphæð 25 þúsund evrur sem er styrkur frá Toyota International en IPC – Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra, hefur kynnt að Toyota verði einn af alalstyrktaraðilum samtakanna til ársins 2024.

16. janúar 2019 var haldinn fundur með samstarfsaðilum ÍF vegna þeirra verkefna sem framundan eru s.s. „kálfi“ í Fréttablaðinu tengdum þátttöku Íslands í Abu Dhabi, þáttur um Alþjóðaleikana í Abu Dhabi séð „Með okkar augum“, Afmælisblað Hvata, Afmæli ÍF o.fl. Á fundinum var óskað eftir stuðningi fyrirtækjanna við kostun við þessi verkefni.

17. janúar 2019 tóku ÞÁH og ÓM á móti styrk frá Kwk Heklu að upphæð kr. ein milljón vegna hinna ýmsu verkefna sem framundan eru hjá ÍF.

7. mars 2019 gaf Íþróttasamband fatlaðra út veglegt kynningarblað, helgað Heimsleikum Specila Olympics, sem dreift var með Fréttablaðinu.

7. mars 2019 var nýtt blað brotið í sögu íþrótta fatlaðra á Íslandi í dag þegar Íþróttasamband fatlaðra gerði samninga við fimmtán aðila úr afrekshópi sambandsins. Í fyrsta sinn eru afreksmenn ÍF með virkan samning við sambandið og um leið er þetta metupphæð sem sambandið setur í afreksíþróttafólkið og verkefni þeirra eða rétt tæpar 25 milljónir króna!

Styrktarsjóður SOI, Toy's a rus og Metlife hafa styrkt sérverkefni Special Olympics, YAP.

Íslandsbanki hefur samþykkt áframhaldandi samstarfssamning við Special Olympics á Íslandi vegna ársins 2019.

ÚTGÁFUMÁL

Hvati 1. og 2. tölublöð ársins 2017 gefin út.

Jóla kort ÍF 2017. Oddný Ása Óskarsdóttir, teiknaði kortið 2017 en hún er 13. ára.

Hvati 1. og 2. tölublöð ársins 2018 gefin út.

Sérblað með Fréttablaðinu í tengslum við ráðstefnu Special Olympics 2018

Sérblað með Fréttablaðinu í tengslum við heimsleika Special Olympics 2019

Sérstakur þáttur „Með okkar augum“ var gerður um heimsleika Special Olympics og sýndur í tveimur hlutum í apríl og maí 2019.

ÍÞRÓTTAMAÐUR OG ÍÞRÓTTAKONA ÁRSINS

12. desember 2017 var kjöri íþróttamanns og íþróttakonu ÍF 2017 lýst á Radisson Blu Hóтели Sögu þar sem Helgi Sveinsson var útnefndur íþróttamaður ársins 2017 og Thelma Björg Björnsdóttir var útnefnd íþróttakona ársins 2017. Þá hlaut Guðmundur Gunnlaugsson Hvataverðlaunin en hann er framkvæmdastjóri verslunarinnar Íslensku Alparnir.

28. desember 2017, í sameiginlegu hófi sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Samtök íþróttafréttamanna stóðu fyrir, var Ólafía Þórunn Kristinsdóttir kylfingur var útnefnd Íþróttamaður ársins 2017 af Samtökum íþróttafréttamanna.

- Meðal þeirra sem tilnefndir voru var spjótkastarinn Helgi Sveinsson sem hafnaði í 10. sæti í kjörinu en Helgi setti á árinu 2017 glæsilegt heimsmet í sínum fötlunarflokki F42 – 44 auk þess að hafna í öðru sæti á Heimsmeistaramóti fatlaðra.

13. desember 2018 voru sundmaðurinn Róbert Ísak Jónsson og frjálsíþróttakonan Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir útnefnd íþróttafólk ársins 2018 hjá Íþróttasambandi fatlaðra. Þetta var í fyrsta sinn hjá báðum þessum efnilegu íþróttamönnum sem þau hljóta þessa nafnbót.

- Samhliða vali íþróttafólks ársins úr röðum faltaðra voru Hvataverðlaun Íþróttasambands fatlaðra 2018 veitt. Verðlaunin að þessu sinni hlutu þeir Óskar Hlynsson og Andri Snær Ólafsson sem báðir hafa sinnt hlutverki leiðsöguhlaupara fyrir afreksíþróttamanninn Patrek Andrés Axelsson.

29. desember 2018, í sameiginlegu hófi sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) og Samtök Íþróttafréttamanna stóðu fyrir, var knattspyrnukonan Sara Björg Gunnarsdóttir útnefnd Íþróttamaður ársins 2018 af Samtökum Íþróttafréttamanna.

- Við sama tilefni voru íþróttamenn hinna ýmsu íþróttagreina heiðraðir af Íþrótt- og Ólympíusambandinu þar sem íþróttafólkið fékk afhenta veglega verðlaunagripi sem Ólympíufjölskylda ÍSí gefur við tilefnið. Þannig fengu íþróttafólk ársins 2018 úr röðum fatlaðra, Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir og Róbert Ísak Jónsson afhent sínar viðurkenningar. Allar upplýsingar um íþróttafólk sérsambanda eru aðgengilegar á heimasíðu ÍSí. Er öllum verðlaunahöfum færðar hamingjuóskir með viðurkenningar sínar.

SUMARBÚÐIR ÍF

20. mars 2017 áttu JA og ÓM fund með fulltrúa fasteigna Háskóla Íslands vegna starfsemi Sumarbúða ÍF. Fundur þessi var haldinn í kjölfar fyrirspurna AKV og JA, f.h. ÍF, varðandi möguleg afnot ÍF af húseignum HÍ á Laugarvatni vegna starfsemi sumarbúðanna.

Á fundinum heimilaði HI að ÍF gæti fengið húsnæðið til afnota gegn því að að taka við húsnæðinu í því ásigkomulagi sem það er í dag og greiða fyrir það leigu fyrir umsamið leigutímabil.

23. júní - 7. júlí 2017 voru sumarbúðir ÍF haldnar á Laugarvatni. Að þessu sinni leigði ÍF aðstöðuna á Laugarvatni af HÍ fyrir starfsemina og sá um allt er viðkom rekstrinum s.s. ráðningu matræðs, matarinnkaup, ræstingar m.m.

15. – 29. júní 2018 voru Sumarbúðir ÍF haldanar á Laugarvatni með líku sniði og árið 2017.

ÝMIS VERKEFNI

Samstarf við Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar vegna sýningar í Laugardalshöll 4 – 6 maí 2017. Fulltrúar ÍF, Marrit Meintana og Svanur Ingvarsson kynntu útivistartæki sem ÍF á eða hefur útvegað s.s. skíðasleða, Petra hjól, torfæruhjólastól o.fl. Einnig var Pálmi Guðlaugsson á staðnum og kynnti hjólið sitt.

Nemandi frá HR, íþróttafreðinemin Svanfríður Birna Pétursdóttir var í verknámi hjá ÍF í þrjár vikur í maí og 2017 er óhætt að fullyrða að þar hafi verið duglegur starfskraftur.

21. október 2017 var Paralympic-dagur Íþróttasambands fatlaðra haldinn hátíðlegur í þriðja sinn en dagurinn er stórskemmtilegur kynningardagur á íþróttastarfi fatlaðra á Íslandi. Líkt og undangengin ár fór dagurinn fram í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal auk þess sem bætt var við þeirri nýbreytni að halda sundkynningu í innilauginni í Laugardal. Á deginum kynntu aðildarfélög sambandsins starfsemi sína og íþróttanefndir ÍF gáfu gestum og gangandi tækifæri til að prófa þær fjölmörgu íþróttagreinar sem í boði eru og sýna þannig að allir geti fundið íþróttagrein við hæfi. Auk kynninga var fjölmargt til gamans gert, Latibær með íþrótaálfinn, Sollu stirðu og Sigga sæta kíktu í heimsókn, Dansdívurnar stigu á stökk og sýndu nokkur létt spor, sjáandi hlauparar spreyttu sig í blindrahlaupi á móti Patreki Axelssyni okkar besta blindrahlaupara svo nokkuð sé nefnt.

Sérstakur gestur var þjóðverjinn Markus Rem, heims- og Paralympic-/Ólympíumótsmeistari í langstökki sem tók nokkur sýningarstökk þar sem hann hjó nærri heimsmeti sínu sem er

8.40m. Þá heiðraði samkomuna Evrópumeistarinn í spjótkesti, Helgi Sveinsson en hann líkt og Markus á heimsmetið í sinni grein.

Fjölmarginir gestir lögðu leið sína í Laugardalinn og kynntu sér það sem fram fór. Vonandi leyndust þeirra á meða Paralympic-/Ólympíumótsmeistarar framtíðarinnar en til upplýsinga hafa fatlaðir íþróttamenn unnið til 98 verðlauna á Paralympics-/Ólympíumótum fatlaðra.

Nemandi frá HR, Jónína Bogadóttir var í verknámi hjá ÍF í maí 2018 og tók hún virkan þátt í ýmsum verkefnum ÍF. Hún hefur í framhaldinu unnið að verkefni tengdu íþróttum fatlaðra.

2. júní 2018 voru börn með sérþarfir valin til að ganga inn á völlinn í vináttulandsleik Íslands og Noregs. Börnin komu flest frá Klettaskóla en einnig voru önnur börn í hópnum. Óhætt er að fullyrða að verkefnið hafi vakið jákvæða athygli og vonandi á á þetta unga íþróttafólk eftir að taka virkan þátt í íþróttastarfi í framtíðinni.

29. september 2018 fór fram Laugardalshöll, Paralympic-dagur ÍF en þetta var í fjórða sinn sem slíkur dagur er haldinn. Jón Jónsson stýrði þessum stóra kynningardegum á íþróttum fatlaðra og gerði það með stakri þryði. Aðildarfélög ÍF og íþróttanefndir ÍF kynntu starfsemi sína og íþróttagreinar og hluti samstarfsaðila ÍF kynntu einnig starfsemi sína. Paralympic-dagurinn er ætlaður öllum til að komast í kynni við íþróttir fatlaðra og hefur nú verið haldinn fjögur ár í röð. Þar getur fólk prófað hinar ýmsu íþróttagreinar og skoðað hvað er í boði í starfsemi íþróttafélaga fatlaðra á Íslandi.

HEIÐRANIR OG VIÐURKENNINGAR

2. apríl 2017, á lokahófi Íslandsmóta ÍF voru þau Fylkir Þór Guðmundsson og Aðalheiður Gísladóttir frá Eik sæmd gullmerki Íþróttasambands fatlaðra. Bæði hafa þau unnið góð störf í þágu íþróttamála fatlaðra innan raða Íþróttafélagsins Eikar á Akureyri og víðar.

12. apríl 2017 var AKV fulltrúi á 90 ára afmæli Völsungs. Þar fluttu fulltrúar nokkurra sérsambanda kveðjur og AKV sendi kveðjur frá ÍF og þakkaði frábært samstarf við Boccíadeild Völsungs. Við þessa athöfn fengu Bragi Sigurðsson og Egill Olgeirsson, gullmerki Völsungs

17. maí 2017 sæmdi Jóhann Arnarson, varaformaður ÍF, Þröst Guðjónsson, heiðurskrossi ÍF á aðalfundi Akurs á Akureyri en heiðurskrossinn er æðsta heiðursmerki ÍF, gullmerki á krossi. Þröstur Guðjónsson hefur starfað í áratugi fyrir íþróttafélagið Akur og ÍBA auk ÍF. Lífsstarf hans á sviði íþróttu fatlaðra er einstakt og þeir eru ófáir sem hafa notið liðsinnis hans í stórum sem smáum verkefnum. Á aðalfundinum var Jósep Sigurjónsson sæmdur gullmerki Akurs og Jón Heiðar Jónsson sæmdur silfurmerki Akurs.

1. júní 2017 fagnaði Íþróttafélagið Fjörður 25 ára afmæli sínu og hélt félagið upp á daginn með glæsilegri afmælis- og uppskeruhátíð fyrir félagsmenn og velunnara félagsins. Í tengslum við afmæli félagsins sæmdi Jóhann Arnarson, varaformaður ÍF, eftirtalda aðila silfurmerki sambandsins: Vilborgu Matthíasdóttur, Ásmund Jónsson, Guðlaugu Oddnýju Sigmundsdóttur og Ólaf Ragnarsson. Þá var Valgerður Hróðmarsdóttir, ein af stofnendum Fjarðar, stjórnarkona í félaginu og fulltrúi í boccíanefnd ÍF til margra ára sæmd gullmerki sambandsins.

14. október 2017. Á lokahófi Íslandsmóts ÍF á Húsavík fengu eftirtaldir aðilar heiðursmerki ÍF; Gullmerki hlutu Egill Olgeirsson, formaður Bocciadeildar Völsungs og félagsmaður í Kiwanisklúbbnum Skjálfanda og Kristín Magnúsdóttir sem hefur verið liðsmaður starfsins frá upphafi. Silfurmerki ÍF hlaut Anna María Þórðardóttir, fyrrverandi þjálfari en hún byggði einnig upp öflugt barna og unglingastarf hjá deildinni.

13. maí 2018 var Ólafur Ólafsson, fráfarandi formaður Íþróttafélagsins Aspar, á aðalfundi félagsins sæmdur heiðurskrossi ÍF. Þar með verður Ólafur sá sjötti sem hlýtur heiðurskross ÍF í sögunni en hinir eru, Sigurður Magnússon, Ólafur Jensson, Ólafur Þór Jónsson, Sveinn Áki Lúðvíksson og Þröstur Guðjónsson.

16. maí 2018 fagnaði Íþróttafélagið Eik 40 ára afmæli sínu og var sent skeyti til formanns félagsins vegna tímamótanna.

5. desember 2018 hlaut AKV „Kærleikskúlu“ Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra það var Eliza Reid forsetafrú Íslands sem afhenti Önnu Karólínu kúluna en þetta er í sextánda sinn sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra gefur frá sér Kærleikskúluna en allur ágóði af sölu hennar rennur til sumar- og helgarbúða fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjadal.

7. 2018 desember fagnaði Íþróttafélagið Akur 44 ára afmæli sínu.

FALLINNA FÉLAGA MINNST

Sigríður Kristinsdóttir lést á páskadag 2018. Hún starfaði lengi að íþróttamálum fatlaðra og var móðir Hauks Gunnarssonar, eins fremsta íþróttamanns úr röðum ÍF

Sigmar Maríusson, sjómaður á Reyðarfirði lést 15. apríl 2018. Sigmar gaf verðlaunabikar sem keppt er um á Nýárssundmót fatlaðra barna og unglunga, „Sjómannabikarinn“.

Margrét Hallgrímsdóttir, fyrrum stjórnarkona hjá ÍF lést 24. nóvember 2018. Margrét var öflugur liðsmaður stjórnar ÍF, sat í barna- og unglinganefnd sambandsins og var fararstjóri í mörgum þeirra ferða er Ísland tók þátt í Norrænum barna- og unglingamótum.



Alþjóðavetrarleikar 2017

http://specialolympics.org/Games/2017_World_Winter_Games.aspx



Alþjóðavetrarleikar Special Olympics fóru fram 18. - 25. mars 2018 í Graz, Schladming og Ramsau, Austurríki. Keppendur frá Íslandi voru eftirtaldir;

Nína Margrét Ingimundardóttir og Júlíus Pálsson sem voru fyrstu Íslendingarnir til að keppa í parakeppni, karla og kvenna. Þau kepptu einnig í einstaklingskeppni, level 2. Ásdís Ásgeirsdóttir og Stefán Páll Skarphéðinsson kepptu í byrjendafl. Skautadeild Aspar hefur staðið að æfingum keppenda og greinilegar framfarir hafa orðið og aukið sjálfstraust á svellinu hjá öllum keppendum. Þjálfarar voru Helga Olsen og Ragna Gunnarsdóttir en keppendur nutu einnig stuðnings aðstandenda sem voru mættir til að fylgjast með og styðja íslenska hópinn. Það var einkennandi hve mikil samstaða ríkti og gleði yfir litlum og stórum sigrum, jafnt á svellinu sem í daglegum verkefnum. Íslenskur alþjóðadómari var í fyrsta skipti að starfa á alþjóðavetrarleikum Special Olympics en það var Svava Hróðný Jónsdóttir. Ísland átti tvo fulltrúa LETR á leikunum, Daða Þorkelsson sem hljóp kyndilhlaup með alþjóðlegu liði lögreglumanna og Guðmund Sigurðsson sem var sýndur sá heiður að vera valinn í undirbúningsnefnd vegna LETR kyndilhlaupsins 2017. AKV var viðstödd nokkra daga leikana sem fulltrúi ÍF, sá um fréttamiðlun og öflun myndefnis auk verkefna tengd alþjóðasamstarfi og þróun. Á leikum Special Olympics eiga allir sömu möguleika á verðlaunum og aðstandendur upplifðu mjög sterkt þann anda sem ríkir á leikunum þar sem horft er á styrkleika fremur en veikleika og þá hæfileika sem hver og einn býr yfir.

Við heimkomu stóðu fulltrúar LETR á Íslandi heiðursvörð á Keflavíkurflugvelli og keppendur fengu sérstaka móttöku í skautahöllinni þar sem úrslitaleikur í íshökký fór fram. Meira um leikana á Facebook - ÍF og - Team Iceland Special Olympics 2017

Eftir leikana fóru AKV og Helga Olsen með þakkarskjöl til Cintamani, ISB og Handþrjónasambands Íslands en allir keppendur og þjálfarar fengu að gjöf lopapeysu frá Cintamani og úlpur frá Cintamani. ISB er aðalstyrktaraðili SO á Íslandi og gaf hópnum handtöskur. Við afhendingu þakkarskjala var rætt við forsvarsfólk markaðsdeildar ISB og þar kom fram að vilji er til að skoða aðrar leiðir í samstarfinu t.d. að fá aðstoð við markaðsmál.

Í kjölfar leikanna var leitað til Special Olympics á Íslandi og óskað eftir fulltrúum í tækninefnd SO vegna skautaiþróttanna. Nú er staðfest að Ísland mun eiga tvo fulltrúa í þeirri nefnd, Svövu Hróðnýju Jónsdóttur og Helgu Olsen.

Heimsleikar Special Olympics í Abu Dhabi og Dubai 2019

ps://www.abudhabi2019.org



Heimsleikar Special Olympics fóru fram í Abu Dhabi og Dubai 14. – 21. mars 2019..

Íþróttasamband fatlaðra sendi 38 keppendur á leikana auk 16 þjálfara, læknis og fararstjóra. Íslendingar tóku þátt í 10 greinum, boccia, knattspyrnu, keilu, frjálsum íþróttum, sundi, golfi, keilu, unified badminton og auk þess tók Íslands í fyrsta skipti þátt í nútímafimleikum og lyftingum kvenna. Um 90 aðstandendur voru í Abu Dhabi og Dubai að fylgjast með og alls var hópurinn því um 150 manns.

Keppni fór fram í Abu Dhabi, nema sund og frjálsar í Dubai. Öll 7 furstadæmin tóku þátt í vinabæjarverkefni fyrir leikana en vinabær Íslands var Furjarah. Mikið hafði verið lagt í undirbúning og hlýja og gestrisni mætti Íslendingum. Farið var í heimsókn í skóla þar sem nemendur höfðu útbúið verkefni tengd Íslandi og öðrum þjóðum sem voru í vinabænum. Það var sérstök upplifun að heyra þjóðsöng Íslands hljóma í hátíðarsal skólans. Íbúar voru með kynningu á leikjum, menningu, siðum og matargerð og heimsóknin í Fujuhah var einstaklega ánægjuleg.

Keppendur í Abu Dhabi gistu á þremur mismunandi stöðum m.t.t keppnisstaða. Golfhópurinn gisti á YAS Island og lyftinga, boccia, badminton og fimleikahóparnir gistu á Pearl Rotana, rétt við ADNEC þar sem flestar greinar fóru fram. Knattspyrnu og keiluhópurinn gistu á Armed Force Officer Hotel & Club sem er gríðarstór bygging. Heimafólk gerði sitt besta til að taka vel á móti þátttakendum á heimsleikunum 2019. Alls staðar mættum við mikilli velvild og gestrisni heimamanna, hvort sem var á gisti- eða keppnisstöðum eða á ferðum um Abu Dhabi og Dubai. Heimsleikarnir 2019 voru um margt sérstakir, haldnir í landi sem býr yfir annarri menningu og siðum en Íslendingar eiga að venjast. Það var þó ekkert sem truflaði hópinn eða hafði áhrif á ferðalagið almennt.

Gestir leikanna voru Ásmundur Einar Daðason, félags og barnamálaráðherra og dóttir hans og fulltrúar Samherja, Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Kolbrún Ingólfssdóttir. Þórður Árni Hjaltested formaður ÍF hafði umsjón með dagskrá gesta. Auk þeirra mættu á leikana, sérlega góðir gestir, fulltrúar „Með okkar augum“ sem tóku viðtöl og söfnuðu kynningarefni sem sýna á í apríl og maí á RUV.

Á lokahátíðinni 21. mars var 20.000 sjálfboðaliðum þakkað sitt gríðarlega mikilvæga hlutverk en framkvæmd heimsleikanna byggir á aðstoð fólks víða að úr heiminum. Íslenski hópurinn fékk tvær aðstoðarkonur, Lily frá Kína sem býr í Dubai og Vanja sem kemur frá Indonesíu. Samstarf við aðstandendur var mjög gott og þeir áttu mjög góða daga á leikunum. Íþróttasamband fatlaðra, Special Olympics á Íslandi og fararstjórar íslenska hópsins vilja koma á framfæri innilegu þakklæti til þjálfara og læknis íslenska hópsins fyrir einstakt starf þessa daga. Keppendum er óskað til hamingju með sína frammistöðu innan sem utan valla og þakkað fyrir sérlega ánægjulega daga á heimsleikum Special Olympics 2019. Einnig fá aðstandendur þakkir fyrir sérlega ánægjulegt samstarf.

8 bls.sérblað til kynningar á leikunum fylgdi Fréttablaðinu 27. febrúar 2019.

Magnús Orri Arnarson, keppandi í fimleikum var sérstakur aðstoðarmaður vegna kynninga á leikunum og útbjó kynningarmyndbönd fyrir ÍF. Vel gert Magnús Orri Daði Þorkelsson, rannsóknarlögreglumaður var í hópi alþjóðlegs liðs lögreglumanna sem tók þátt í kyndilhlaupi fyrir leikana, sjá nánar yfirlit vegna LETR á Íslandi

Önnur mót Special Olympics erlendis 2017 – 2019

4 keppendur frá Íslandi fóru á Special Olympics Golf Cup í Damörku í maí 2017. Tilboð um þátttöku barst til Special Olympics á Íslandi og var GSFÍ falið að kynna verkefnið og finna keppendur, en forgjög var mjög lág og því aðeins sterkir keppendur sem komu til greina.

Keppendur fóru frá Íþróttafélaginu Firði og Nes og GSFÍ sá um undirbúning og skipulag

Keppendur frá Íslandi tóku einnig þátt í fjölgreinamóti SO í Danmörku og knattspyrnumóti í Kanada 2018. Ísland leitar sífellt nýrra tækifæra fyrir keppendur og öll tilboð eru send til aðildarféлага ÍF sem sum nýta öll tækifæri sem bjóðast á meðan önnur bíða enn með slíkt.

Íslandsleikar Special Olympics

31. mars – 2. apríl 2017 fóru fram fyrstu Íslandsleikar Special Olympics í nútímafimleikum. Leikarnir fóru fram samhliða Íslandsmóti ÍF í boccia, borðtennis og lyftingum og Íslandsleikum Special Olympics í áhaldafimleikum.

21. maí 2017 voru haldnir Íslandsleikar í knattspyrnu á Þróttarvöllinum. Guðlaugur Gunnarsson frá KSÍ stýrði mótinu og dómara komu frá KSÍ. LETR á Íslandi stýrði kyndilhlaupi en hlaupið var með logandi kyndil frá TBR húsinu og á Þróttarvöllinn. Þar tók Guðni Bergsson formaður KSÍ við kyndlinum og tendraði eld leikanna ásamt Guðmundi Sigurðssyni lögreglumanni. Freyr landsliðsþjálfari kvenna stýrði upphitun en það voru Ösp, Nes og Suðri sem tóku þátt frá aðildarfélögum ÍF auk þess að gestalið var frá FC Sækó. Lið Aspar sigraði í styrkleikaflokki 1 og 2 en allir sýndu góð tilþrif. Þórður Árni Hjaltested formaður ÍF afhenti verðlaun í lok keppni.

Knattspyrna hentar öllum og stefnt er að því að auka þátttöku barna og unglunga með sérþarfir í knattspyrnu m.a. með aukinni fræðslu til nattpyrnuþjálfara. Samstarf er við KSÍ vegna þessa og fundir hafa verið haldnir m.a. með KA og Þór á Akureyri.

16 september 2017 var haldið á Íslandi alþjóðlegt knattspyrnumót í samstarfi KSÍ, Aspar, IF og Special Olympics á Íslandi. Mótið sem bar heitið “**Fótbolti án aðgreiningar** / Football without restrictions“ Lið komu frá Færeyjum og Mön en aðildarfélög ÍF, Ösp, Nes og Suðri áttu einnig lið á mótonu. Lið FC Sækó tók þátt í mótinu auk þess sem 4. flokkur Fjölnis var með sérstakt gestalið á mótinu

27. apríl 2017 voru haldnir í íþróttahúsi Klettaskóla, Íslandsleikar Special Olympics í nútímafimleikum. Sigurlín Jóna Baldursdóttir íþróttakennari í Klettaskóla og þjálfari hjá Íþróttafélaginu Ösp hefur séð um æfingar og tvær stúlkur Hekla Björk Hólmarsdóttir og Arna Dís Ólafsdóttir voru valdar til þátttöku á heimsleikum Special Olympics í Abu Dabi 2019. Þá mun Ísland í fyrsta skipti eiga keppendur í nútímafimleikum.

Hekla Björk og Arna Dís urðu í öðru sæti í hæfileikakeppni starfsbrauta með atriði sitt sem var byggt á nútímafimleikum en þær tóku þátt frá starfsbraut FB. ÞAH setti mótið og afhenti verðlaun ásamt Ólafi Ólafssyni, formanni Aspar.

15. apríl 2018 fóru fram Íslandsleikar í áhaldafimleikum samhliða Íslandsmóti ÍF í samstarfi við Fimleikasambands Íslands. Þátttakendur komu frá Nes og Gerplu og miklar framfarir hafa orðið í greininni.

2. júní 2018 fór fram vináttulandsleikur Íslands og Noregs í knattspyrnu og í tilefni 50 ára afmælisárs SOI á Íslandi voru börn með sérþarfir leidd inn á völlinn með landsliðssmönnum.

Samstarf var við aðildarfélög ÍF og Klettaskóla vegna verkefnisins og þetta samstarfsverkefni SO á Íslandi, ÍF og KSÍ tókst sérlega vel og vakti mikla athygli.

23. september 2018 fóru fram Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu, á Þróttarvellinum. Kyndilhlaup lögreglumanna setti svip á leikana sem voru hluti af dagskrá í Laugardalnum í tilefni íþróttaviku Evrópu „Beactive“. Varaformaður KSI, Guðrún Inga Sívertsen setti leikana. Eins og áður voru dómarar frá KSÍ en þeir afhentu einnig verðlaun í lok móts. Íþróttafélagið Ösp átti öll fjögur lið sem mættu til leiks frá aðildarfélögum ÍF en í hópnum voru liðsmenn frá öðrum félögum. Tvö lið frá FC Sækó mættu einnig til leiks. Lið Aspar raðaði sér í efstu sæti en kepp var í einum styrkleikaflokki, tveimur riðlum.

30. mars 2019 voru Íslandsleikar Special Olympics í fimleikum haldnir í Gerplu, Versölum. Fimleikasamband Íslands stóð að skipulagi en keppni er haldin samhliða Íslandsmóti í Þrepum. 4 keppendur voru nýkomnir heim frá heimsleikum Special Olympics í Abu Dhabi og Dubai og létu ljós sitt skína ásamt frábærum keppendum. Verðlaun veittu Daði Þorkelsson „kyndilberi“ leikanna 2019 ásamt AKV

LETR á Íslandi

Í júlí 2017 var haldin Evrópuráðstefna LETR sem Guðmundur Sigurðsson sótti en þar kom m.a fram að áhugi er á að gera mynd um LETR í fjórum löndum þmt Íslandi. Fjáröflunarverkefni LETR vakti mikla athygli en Daði Þorkelsson, lögregluformaður hóf áskorunarverkefni á netinu i samstarfi við vinsæla „snappara“ þar sem hann fékk greiðslu fyrir að borða „úldna“ síld. Sýnt var í beinni útsendingu þegar lögreglumennirnir, Daði og Guðmundur Sigurðsson hófu og luku keppni og er óhætt að fullyrða að þessi áskorun vakti verðskuldaða athygli.

LETR á á Íslandi hefur komið að fjölmörgum verkefnum innanlands á tímabilinu auk þess sem Daði Þorkelsson, tók þátt í kyndilhlaupi lögreglumanna á vetrarleikunum í Austurríki 2017 og heimsleikunum í Abu Dhabi 2019.

Í kjölfar samstarfsverkefna SO á Íslandi og LETR á Íslandi fór AKV með þakkarskjal á skrifstofu Landssambands Lögreglumanna þar sem voru góðar móttöku og áhugi á áframhaldandi samstarfi.

12. - 14. september 2018 var haldin Evrópuráðstefna LETR (Law Enforcement Torch Run) og Special Olympics í Gíbraltar. Fulltrúar Íslands á ráðstefnunni voru Guðmundur Sigurðsson, umsjónarmaður LETR á Íslandi, Anna K Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri SO á Íslandi, Karen Ásta Friðjónsdóttir, í stjórn SO á Íslandi. Fulltrúar lögreglunnar á Íslandi, Gíbraltar, Kýpur, Lettlandi, Írlandi, N - Írlandi, Skotlandi og Hollandi mættu á ráðstefnuna auk fulltrúa frá LETR í Evrópu og Special Olympics. Kynnt var starfsemi LETR í hverju landi og rædd markmið og leiðir og hvernig auka má samstarf Evrópuþjóða LETR. Meginverkefni LETR er að skipuleggja kyndilhlaup í tengslum við leika Special Olympics og kynna og styðja og styrkja starfsemi Special Olympics. Guðmundur Sigurðsson, fékk afhent nýhannað merki LETR sem var staðfesting á hlutverki hans sem umsjónarmaður LETR á Íslandi. Fulltrúar Íslands kynnti samstarfið á Íslandi sem hófst 2013 en fulltrúar LETR tekið þátt í fjölmörgum verkefnum innanlands og erlendis. Auk verkefna innanlands hafa fulltrúar LETR á Íslandi tekið þátt í kyndilhlaupi vegna

Evrópu og heimsleika og undirbúningi verkefna LETR erlendis. Samstarf við íslensku lögregluna og landssamband lögreglumanna hefur verið einstaklega ánægjulegt og lykilsamstarfsfólk, Guðmundur Sigurðsson, Daði Þorkelsson, Gunnar Shcram, Karen Ásta og aðrir frá innilegar þakkir fyrir.

Ráðstefnur Special Olympics á Íslandi

10. nóvember 2018 var þriðja ráðstefna Special Olympics haldin á Radisson Blu, Hótel Sögu. „Sigurför fyrir sjálfsmyndina“ Vel gekk að fá fólk til að taka þátt og flytja erindi. Ráðstefnan var byggð upp eins og áður þar sem keppendur, þjálfarar og aðstandendur sögðu reynslusögur af þátttöku á heimsleikum SOI og undirbúningi fyrir leikana. JA setti ráðstefnuna, AKV var með innlegg um SOI og SO á Íslandi og ÞAH var með innlegg í lok ráðstefnu. Ásmundur Einar Daðason, félags og jafnréttismálaráðherra flutti ávarp þar sem hann ítrekaði áhuga á að styðja starf ÍF. Á ráðstefnunni kom ítrekað fram hvað upplifun fólks er sterk af þátttöku á þessum leikum, aðstandendur eiga ekki lýsingarorð til að lýsa glæsilegri umgjörð en ekki síst þeim jákvæðu áhrifum sem undirbúningur og þátttaka hefur haft á keppendur í lífi og starfi. Á ráðstefnunni var einnig kynnt YAP verkefnið. Ásta Katrín Helgadóttir kynnti niðurstöður rannsókna vegna innleiðingar YAP í Skógarási, Ásbrú og faðir drengs sem hefur tekið þátt í verkefninu þar sagði frá jákvæðri reynslu af þátttöku í YAP verkefninu. Fyrir ráðstefnuna birtist 2. bls kynning í Fréttablaðinu en þar var dagskrá ráðstefnu og viðtal við mæðgin sem voru að undirbúa erindi á ráðstefnunni 2018.

Fundir SO nefndar og íþróttagreinastjóra & sérverkefnastjóra

31. ágúst 2017 átti AKV fund meðínu Valsdóttur, fyrrv. formanni Átaks þar sem rætt var samstarf vegna Special Olympics og að hún yrði fulltrúi iðkenda í stjórn Special Olympics. . Ína staðfesti áhuga og er nú fulltrúi SO nefnd. Hún æfir boccia en æfði áður sund og var kjörin á sínum tíma íþróttamaður ársins hjá ÍF. Ína býr yfir mikilli reynslu og getur án efa lagt lóð á vogarskálar starfs Special Olympics. Hún var í almennum skóla til 13 ára aldurs þegar hún fór í Öskjuhlíðarskóla og þekkir því einnig skólakerfið.

5. október 2017 var haldinn fundur í Garði, Reykjanesbæ með nokkrum aðilum sem óskað var að kæmu að hugmyndavinnu varðandi Special Olympics, vegna afmælisárs SOI 2018 og verkefnastöðu. Í framhaldinu var boðað til fundar með öllum íþróttagreinastjórum og sérverkefnastjórum auk SO nefndar. Ásamt AKV voru á fundinum, Helga Olsen, Ásta Katrín Helgadóttir, Karen Ásta Friðjónsdóttir og Guðmundur Sigurðsson

16. janúar 2018 var haldinn fyrsti sameiginlegi fundur með stjórn, íþróttagreinastjórum og sérverkefnastjórum Special Olympics á Íslandi. Markmið er að efla samstarf þvert á greinar og byggja upp öflugt teymi en gífurleg þekking býr að baki hjá þessum hópi.

Í framhaldi fundarins voru íþróttagreinastjórar hvattir til að koma með hugmyndir til að efla „sína“ grein á afmælisári SOI 2018. Í framhaldi þessa kom til samstarfs við KSÍ vegna vináttulandsleiks í knattspyrnu í júní.

6. mars 2018 var haldinn 2. fundur SO nefndar, íþróttagreinastjóra og sérverkefnastjóra. Fundurinn var haldinn í Garði á heimili GS og KÁ. Þar mættu íþróttagreinastjórar fyrir skauta, áhalda og nútímafimleika, golf, knattspyrnu, boccia, frjálsar íþróttir. Í hópi fulltrúa SO nefndar voru nýir fulltrúar, Karen Ásta fulltrúi aðstandenda og Ína Valsdóttir, fulltrúi iðkenda. Fundarefni voru annars vegar Abu Dabi 2019 og hins vegar hugmyndavinna og

umræður um verkefni afmælisárs SOI og hugmyndir um aukið samstarf en í hópnum eru þjálfarar og aðrir með mikla reynslu og þekkingu. Rætt var um gæðahandbók SO á Íslandi, og samstarf þvert á greinar. Rætt var um norrænt samstarf og möguleika á að virkja samstarf við Grænland. Sérstaklega er mikilvægt að virkja samstarf í nýjum greinum sem hafa fáa þjálfara. Áhugi er hjá TEAM SO ICELAND að hafa helgi þar sem verið að kynna ólíkar greinar SO s.s. skauta, fimleikar, keilu, knattspyrnu o.s.frv.

9. maí 2018 var fyrsti fundur ÍF með keppendum, aðstandendum og þjálfurum auk LETR fulltrúa vegna Abu Dabi 2019. Um 100 manns mættu á fundinn, keppendur, aðstandendur og þjálfarar.

18. maí 2018 átti AKV fund með Láru Eggersdóttur, Claessen, lækni vegna Abu Dabi 2019. Breyting varð síðar og þórdís Kristinsdóttir læknir kom inn í ferðina í stað Láru Claessen.

11. júní 2018 héldu fararstjórar „hópeflisfund“ með öllum þjálfurum sem fara til Abu Dhabi en þar var farið yfir ýmsa þætti vegna ferðarinnar. Fundurinn var haldinn í golfskála Keilis en þar fór einnig fram um kvöldið, æfing GSFÍ í Hraunkoti.

27. júní 2018 átti AKV fund með Ínu Vals, fulltrúa í SO nefnd þar sem m.a. var rætt um kynningu á 31 grein samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra, tengt íþróttu og tólmundastarfi en Ína var að vinna grein um efnið sem fyrirhugað var að yrði birt í tengslum við ráðstefnu SO í haust.

28. júní 2018 áttu fulltrúar IF fund með Ásmundi Einari Daðasyni, félagsmálaráðherra þar sem rætt var um Abu Dhabi og hvort hann hefði áhuga á að vera viðstaddur leikana.

Í júlí 2018 áttu AKV og OM áttu fund með fulltrúa ISB og í kjölfarið var staðfestur áframhaldandi styrkur til ÍF. Alls hefur ÍSB styrkt starf Special Olympics um 500.000 á ári.

9. nóvember 2018 var lokafundur ÍF með keppendum, þjálfurum og aðstandendum vegna heimsleika SO 2019. Um 100 manns mættu á fundinn þar sem farið var yfir helstu atriði frá HOD fundinum og áætlun um næstu verkþætti, máttun fatnaðar o.fl. Einnig var farið yfir mál vegna aðstandendaferðar. Á fundinum var Ragna Erwin, aðstandandi sem þekkir vel til á svæðinu, með innlegg þar sem hún sagði frá ýmsum atriðum sem gætu skipt máli fyrir fólk sem ferðast á þessum slóðum

9. janúar 2019 var fundur ÍF (AKV, ÓM, ÞAH) með félags og barnamálaráðherra þar sem rætt var um leikana 2019 og fyrirkomulag vegna gesta. Í framhaldi þessa var staðfest að Ásmundur Einar Daðason, ráðherra og aðstoðarkona hans, Sóley Ragnarsdóttir, munu koma á leikana ásamt 12 og 13 ára börnum sínum. Síðar varð breyting á þessu.

28. janúar 2019 var haldinn lokafundur ÍF með keppendum, aðstandendum og þjálfurum vegna leikanna 2019. Yfirfarin helstu atriði og fatnaður afhentur. Í kjölfar fundarins voru sérfundir með þjálfurum og aðstandendum sem ætla að fara á leikana

Í febrúar héldur fararstjórar „lokahópeflisfund“ fyrir þjálfara vegna leikanna 2019 en þá var farið í Keiluhöllina Egilshöll þar sem keilubjálfarar hópsins starfa.

Haldnir hafa verið reglulega fundir SO nefndar um einstök málefni og einnig sérfundir vegna heimsleikanna 2019. Verkefnaáætlun var sett upp ári fyrir leikana og hlutverkaskipting sett í

gang. Haldnir hafa verið sérfundir um fjármál og hugmyndir af fjáröflun en einnig hafa verið haldnir sameiginlegir fundir SO nefndar, íþróttageinastjóra og sérverkefnastjóra YAP og LETR á Íslandi.

Kynningarbréf vegna SOI 50 ára var þýtt af Herdísi Hreiðarsdóttur og var nýtt til kynningar á afmælisári SOI 2018.

Fundir og ráðstefnur Special Olympics erlendis 2018 og 2019

18. -21. október 2017 sótti AKV íþróttaráðstefnu Special Olympics í Slóvakíu. Þar var farið yfir helstu atriði vegna ABU DABI 2019, samantekt lögð fram um alþjóðaleikana 2017 og farið yfir ýmis verkefni á vegum SOE og SOI. Fundur norrænnar nefndar SO var haldinn í tengslum við ráðstefnuna en þar var m.a. rætt samstarf vegna ABU DABI og aukið samstarf vegna norrænna móta. Leitað hefur verið tækifæra til að opna mót sem nú þegar eru haldin og/eða verða haldin á Norðurlöndum og íslenskir keppendur hafa t.d. tekið þátt í golfmóti, knattspyrnumóti o.fl. sem tengist þessu samstarfi.

21. febrúar 2018 var haldinn fundur norrænnar nefndar SO í Danmörku. Öll lönd sendu fulltrúa nema Noregur en þar á sér stað endurskipulag Gestur fundarins var Marisuz Damentko, Sports Director Special Olympics Europe Eurasia. Á dagskrá var samstarf vegna Abu Dabi 2019, samstarf um opin mót einstakra greina og hvert land lagði fram upplýsingar um helstu verkefni. Markmið er að efla samstarf sem skapar ný tækifæri fyrir iðkendur á Norðurlöndunum. Ísland lagði áherslu á það á fundinum að ná til Grænlands og fá þá með í norrænt samstarf Special Olympics.

28. – 31. nóvember 2018 sóttu AKV og JA fararstjórafund vegna heimsleika Special Olympics 2019. Á fundinum var farið yfir helstu atriði og farið var á keppnisstaði í Abu Dhabi og Dubai.

6. – 7. mars 2019 sótti AKV fararstjórafund vegna leikanna í Abu Dhabi og Dubai

ÝMISLEGT

Ásta Katrín Helgadóttir var árið 2017 tilnefnd í Fitness Task force SOI og tillaga var samþykkt. Kynnt verður nánar síðar í hvaða formi þetta starf er án efa mun hún geta lagt mikið að mörkum þar.

Stofnandi „Special Smiles“ á Íslandi. 18. ágúst 2017 var staddur á Íslandi, Steven Pearlman stofnandi „Special Smiles“ alþjóðasamstarfsverkefnis tannlækna og SOI. Hann var gestur á ráðstefnu norrænna tannlækna í Hörpu og kynnti þar Healthy Athlete verkefnið. Þar voru einnig íslenskir tannlæknar sem hafa tekið þátt í verkefninu, þau Helga Ágústdóttir, öldrunartannlæknir og Magnús Kristinsson, barnatannlæknir. AKV átti fund með Steven og hitti einnig Helgu og Magnús sem sýndu áhuga á að fara betur yfir málin á Íslandi með hugsanlegt samstarf í huga. AKV og ÞAH voru viðstödd ráðstefnuna þegar kynning Healthy Athlete fór fram en Steven hvatti þar tannlækna til samstarfs og þátttöku í „Special Smiles“ AKV lagði áherslu á að fagstéttir á hverju sviði þyrftu að leiða og halda utan HA verkefnið. <https://www.youtube.com/watch?v=2QEc-Mcjl18>

Íslensk kona er nýr varaforseti alþjóðahreyfingar Lions en Lions styrkir HA verkefnið. 25. ágúst 2017 hittu fulltrúar SO á Íslandi nýjan varaforseta alþjóðalionshreyfingarinnar, Guðrúnu Björt Yngvadóttur. Þessi viðburður var skipulagður í samstarfi við SOE í

Brussel og fréttin hefur birst á síðu samtakanna erlendis. Sjá frétt á heimasíðu ÍF Guðrún Björt verður fyrsta konan til að gegna starfi forseta Lionshreyfingarinnar <http://www.ifsport.is/read/2017-08-25/fulltruar-special-olympics-a-islandi-fagna-kjori-nys-varaformanns-althjodalionshreyfingarinnar/> . Hún er í dag forseti Lionshreyfingarinnar

27. febrúar 2018 heimsótti AKV keiluæfingu hjá Ösp og hitti þar Laufeyju Sigurðardóttur, þjálfara þar sem rætt var um Abu Dabi, en einnig um möguleika á útfærslu mótahalds í formi Íslandsleika og/eða þátttöku í mótum Keilusambandsins. Olli formaður Aspar var einnig mættur en þessi umræða var í framhaldi af umræðu við formann Keilusambands Íslands. Mikill áhugi er á aukinni þátttöku fatlaðra á almennum mótum. Það sem hugsanlega hefur áhrif á það er þátttökukostnaður en tækifærið er til staðar og hefur verið lengi.

Framhaldsumræða hefur farið fram og stefnt er að Íslandsleikum og hugsanlega samstarfi við önnur lönd

Skil skýrslu til SOI. janúar 2018 og 2019. Árlega þarf að skila inn til SOI skýrslu um starf, fjármál og verkefnaskrá SO á Íslandi. Það innifelur yfirlit yfir iðkendur, aldurshópa, fjölda, greina, þjálfara og sérverkefni. Heildarupplýsingar innifela yfirlit um fjárhagsáætlun, kostnaðaráætlun og samþykkt ársreikninga. Einnig staðfestingu á formfestingu reglugerða sem varða stjórnunarþætti. Til þessa hefur verið tekið tillit til þess að starf Special Olympics er hluti af heildarstarfi ÍF og skil taka mið af því að þing ÍF er á tveggja ára fresti. Árgjald SOI er reiknað út frá kostnaði SO á Íslandi og tekjum og hefur verið haldið í lágmarki. Nýjar reglur eru í vinnslu varðandi útreikning og hafa fámennari lönd verið skoðuð sérstaklega út frá sanngirnissjónarmiðum útreikninga m.t.t. fjölda

22. mars 2018 í kjölfar alþjóðavetrarleika SO í Austurríki var undirritaður samstarfs-samningur alþjóðaskautasambandsins og alþjóðasamtaka Special Olympics. Þar eiga stóran hlut að máli, Helga Olsen, Guðbjört Erlendsdóttir og Svava Hróðný Jónsdóttir. Mariusz Damentko íþróttastjóri SO í Evrópu var fulltrúi SOI við undirritunina en hann er n.k. „guðfaðir“ skautaiþróttaráttátt hjá SO á Íslandi. <https://www.isu.org/.../12058-international-skating-union-sig...> Í undirbúningi er formlegur samstarfssamningur ÍF/SOI á Íslandi og Skautasambands Íslands en Skautasamband Íslands hefur unnið náið með SO á Íslandi undanfarin ár

YAP verkefnið, innleiðing á Íslandi

3. nóvember 2017. Heimsókn í Urðarhól þar sem fylgst var með íþróttakennslu 3 og 4 ára barna, en þar starfar íþróttakennari sem er í samvinnu við SO á Íslandi vegna YAP. Gríðarlegur munur er á hreyfistarfi leikskóla og fram hefur komið í viðtölum við starfsfólk, að þrátt fyrir áhuga skorti oft þekkingu til að nýta íþróttáhöld og íþróttasal. Börnin leika þá frjálst í hreyfitímum og markmið eru ekki skýr enda greining á markmiðum óljós.

15. nóvember 2017. Kennsla leikskólabarna í fyrsta skipti hjá íþróttáfræðisviði HÍ. Nemendur íþróttáfræðisviðs HÍ skipulögðu YAP tíma fyrir 4 – 5 ára börn í samstarfi við leikskóla Bláskógarbyggðar en þetta var hluti af námskeiði í HÍ um íþróttakennslu barna með sérþarfir. Umsjónarkennarar voru AKV og JA. Verkefnið tókst glimrandi vel og vonast er til þess að snemmtæk íhlutun / YAP verkefnið verði innleitt í nám íþróttáfræðinema HÍ. Í framhaldi þessa hafa nemendur frá HÍ komið til starfa í leikskólum og sóst eftir nánari kynningu á YAP fyrir leikskólastarfsfólk. Vonast er til þess að aukin umræða verði um mikilvægi þess að ráðið verði fagmenntað fólk í leikskólum, m.t.t. hreyfiþjálfunar barna.



3. maí 2017 var haldinn kynningardagur YAP á Akureyri. Fulltrúar allra leikskóla á Akureyri voru mættir auk leikskóla á Svalbarðsströnd. Sérkennslustjórar, umsjónarmenn hreyfistunda og almennir leikskólakennarar mættu á verklega kynningu í íþróttahúsi Síðuskóla þar sem þátttakendur voru börn frá heilsuleikskólanum Krógabóli. Í kjölfarið var haldinn fundur þar sem farið var yfir helstu atriði og rætt framtíðarskipulag. Elva Haraldsdóttir sérkennslustjóri leikskóla hjá Akureyrarbæ stóð að undirbúningi með ÍF ásamt leikskólastjóra og starfsfólki heilsuleikskólans Krógabóls. Umsjón með kynningardegnum höfðu Anna K. Vilhjálmisdóttir frá ÍF og Ásta Katrín Helgadóttir frá Heilsuleikskólanum Háaleiti.

11. maí 2017 fór fram fyrsta afhending YAP Certification til leikskóla innan sveitarfélaga heilsuleikskólans Urðarhóli í Kópavogi. Áður hafði leikskólinn Háaleiti, Ásbrú sem er innan Skóla ehf. hlotið þessa viðurkenningu. Skjalið var afhent í tengslum við viðburð hjá Urðarhóli, þar sem opnaður var klifurveggur, sá fyrsti í leikskóla á Íslandi. Menntaður íþróttakennari er starfandi hjá Urðarhóli, og hefur hún sýnt mikinn áhuga á að efla hreyfingu barna, ekki síst þeirra sem eru með skertan hreyfiþroska.

26. maí 2017 var haldin YAP kynning á starfsmannafundi grunn- og leikskólakennara grunnskólans Bláskógarbyggð.

21. júní 2017 var YAP kynning haldin fyrir starfsfólk heilsuleikskólans Garðasels Akranesi.

18. ágúst 2017 var haldin kynning á YAP fyrir íþrótt og heilsufræðifélag Ísland sem hélt námskeið í Varmárskóla, alls voru 70 þátttakendur, íþróttافرæðingar víða af landinu. AKV og Ásta Katrín Helgadóttir sáu um kynningu á YAP og jafnframt var rætt um mikilvægi þess að fylgja eftir virkni barna með sérþarfir í íþróttastarfi á fyrstu árum grunnskóla. Einnig var rætt um stöðu íþróttافرæðinga þegar kemur að hreyfiþjálfun í leikskóla en þar eru íþróttافرæðingar með stöðu leiðbeinenda.

29. ágúst 2017 átti AKV fund með fulltrúum skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar þar sem rætt var samstarf vegna YAP. Á fundinum voru Hanna H. Leifsdóttir, sérkennslufulltrúi, fagskrifstofu leikskólamála og Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri sérkennslu. Áhugi kom fram um að fá nánari kynningu á YAP og rætt var um hvaða nálgun væri árangursríkust m.t.t. starfs leikskóla í Reykjavík. Þar eru 64 leikskólar með um 6000 börn auk 17 sjálfstætt starfandi með 1000 börn og 700 hjá dagforeldrum. Í framhaldi þessar fundar var ákveðið að fresta kynningardegi í REK en áfram verður haldið að kynna YAP einstökum leikskólum þar. Í ágúst 2017 birtist grein AKV um YAP í Fréttablaðinu.

13. september 2017 kynnti AKV, YAP verkefnið á fundi leikskólastjóra hjá Hafnarfjarðarbæ. Í framhaldi þessa var ákveðið að hefja undirbúning að kynningardegi YAP í Hafnarfirði. .

8. febrúar 2018 var haldinn kynningardagur YAP í Hafnarfirði í samstarfi við leikskólastjóra Víðivalla og sérkennslufulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Yfir 30 fulltrúar leikskóla í Hafnarfirði mættu á staðinn m.a. tveir íþróttافرæðingar. Börn frá leikskólanum Víðivöllum tóku þátt en verkleg kynning fór fram í íþróttahúsi Bjarkar. Í kjölfarið var haldinn kynningarfundur í leikskólanum í Arnarbergi þar sem kynnt var aðgengi að fræðslufni YAP.

25. apríl 2018 var AKV með kynningu á YAP í Klettaskóla en YAP verkefnið hentar mjög vel fyrstu bekkjum grunnskóla. Í framhaldinu voru gögn send til skólans og vonast er til þess að verkefnið geti skilað áhuga á íþróttastarfinu. Umræða var tengd þeim tækifærum sem hafa opnast í gegnum Special Olympics en fjölmargir fyrrum nemendum hafa keppt erlendis.

22. júní 2018 hlaut Jana Hrönn Guðmundsdóttir, nemi í þroskaþjálfun styrk úr viðurkenningarsjóði Þroskahjálpar og viðurkenningu vegna BA lokaverkefnis sem unnið var í samstarfi við SO á Íslandi. Afhending fór fram í húsnæði félags þroskaþjálfra en lokaverkefni Jönu Hrannar var íslensk handbók YAP „Mikilvægi skipulagðra hreyfistunda“ og bæklingur „Leikjabanki“. Mikilvægt verkefni og dæmi um gott samstarf við háskólanemendur.

8. nóvember 2018 var haldinn kynningardagur YAP á Akranesi, fyrir leik- og grunnskóla. Í framhaldi heimsóknar í Garðasel 2017 hefur Ingunn Ríkharðsdóttir, leikkólastjóri þar unnið að innleiðingu YAP. Eftir að AKV og ÁKH höfðu kynnt alþjóðaverkefnið YAP og helstu verkefni því tengd tók Ingunn Ríkharðsdóttir við og kynnti til leiks íþróttافرæðing, Breka sem hefur verið að starfa með leikskólanum að innleiðingu YAP. Þar er nú boðið upp á YAP þjálfun á hverjum morgni, 2 – 3 krakkar í einu og YAP kerfinu fylgt.

28. febrúar 2019 var haldin kynningardagur YAP í Garðabæ. Kynningardagurinn var haldinn í framhaldi af fundi með leikskólastjóra Urriðaholsskóla sem er leik og grunnskóli. Ásta Katrín Helgadóttir, íþróttakennari stýrði æfingum með nokkrum börnum á leikskólaaldri og starfsfólk leikskóla fylgdist með. AKV og ÁKH kynntu svo YAP nánar fyrir starfsfólkinu og umræður urðu um möguleika á samstarfi við þróun verkefnisins.

Í tengslum við YAP er í skoðun hvaða möguleikar eru á samstarfi við kennara fyrstu bekkja grunnskóla og íþróttakennara. Óformleg könnun sýnir að aðstandendur hika við að fara með börn með sérþarfir í íþróttastarf og/eða telja það ekki henta eða vera aðlagð eins og þörf er á. Almenn félög og þjálfarar þeirra eru mismunandi m.t.t. þessa og aðildarfélög ÍF þurfa að hafa tilboð til staðar sem henta börnum/og eða aðstoða almenn félög í heimabyggð við að efla þetta starf, ef árangur á að nást varðandi aukna þátttöku. Brýn þörf er á að greina hvers vegna þau félög sem höfðu áhuga á að fylgja eftir þjálfun barna og hófu innleiðingu YAP verkefnis hafa ekki getað fylgt eftir því starfi. YAP verkefnið hefur verið kynnt innan kerfisins en árangursríkast hefur reynst beint samstarf við leikskóla. Áfram verður haldið að funda með stýrihópi YAP og sérfræðingum á ákveðnum sviðum og innleiðing YAP á Íslandi mun vonandi halda áfram.

Evrópuverkefni YAP

Frá árinu 2016 til 2018 hafa 3 leikskólar frá Íslandi, Noregi og Eistlandi tekið þátt í Evrópuverkefni i sem byggir á YAP, Young Athlete Project og snemmtækri íhlutun. Markmið var að vinna markvisst að því að þróa starf sem leikskólarnir hafa staðið fyrir á sviði hreyfiþjálfunar og nýta YAP sem verkfæri. Heilsuleikskólinn Háaleiti (Skógarás) Ásbrú stýrði verkefninu og skýrsla staðfestir að það hefur skilað margvíslegum ávinningi. Special Olympics á Íslandi var bakhjarl verkefnisins á Íslandi og einnig í Noregi þar sem SO í Noregi tekur ekki þátt í YAP. Sótt var um styrk til áframhaldandi þróunar og er næsta markmið að skoða sérstaklega áhrif markvissrar hreyfiþjálfunar á tveggja ára börn.

Styrkir til YAP verkefnisins

Ísland hefur fengið styrki til innleiðingar YAP frá Special Olympics í Evrópu með stuðningi Toy's a rus og Metlife Foundation. Samstarf SO í Evrópu og Metlife hófst eftir samstarfsverkefni Metlif Foundation og SO á Íslandi 2015 en þá tóku starfsmenn fyrirtækisins þátt í verkefnum með SO á Íslandi. Styrkir hafa verið nýttir m.a. til kaupa á áhöldum sem hafa verið gefin til leikskóla. Fulltrúar SOI og SOE sem sjá um YAP verkefniðalþjóðavísu og fulltrúi SOE, Evrópusamtaka SO hafa heimsótt Ísland vegna þessa.

ÞRÓUNARSTARF OG FRÆÐSLUMÁL

4. apríl 2017 var Frístundahreysti Guluhlíðar haldin í annað sinn og nú í Laugardalshöll. Stemmingin minnti á Paralympics day, mikill fjöldi var á staðnum og þetta er frábært verkefni sem getur skilað auknum íþróttáhuga til nemenda Klettaskóla.

Í janúar 2018 var útivistar og ævintýraferð til NSCD, Winter Park Colorado sem skipulögð var af ÍF. Markhópur var fjölskyldur fatlaðra barna og fimm fjölskyldur nýttu tækifærið til að taka þátt í skipulagðri dagskrá sem útfærð var af samstarfsaðilum ÍF, hjá NSCD. Mjög mikil ánægja var með ferðina sem fékk heitið „Draumaferðin“ hjá fjölskyldu sem skrifaði um ferðina í Hvata 1. tbl. 2018. Fyrirspurnir hafa borist hvort slíkar ferðir verði endurtekna. Breyting hefur orðið þar sem helsti tengiliður Íslands, Beth Fox er ekki lengur að störfum. Hún hefur óskað eftir því að koma til Íslands sem leiðbeinandi áfram. Jafnframt hafa skilaboð borist frá NSCD að áhugi er á áframhaldandi samstarfi á sviði kynningar- og afreksmála.

Þróun nýrra greina / sérverkefni

Árin 2017 - 2018 hafa æfingar hafist í nýjum greinum, taikwondo og nútímafimleikum auk þess sem „unified“ volleyball var sett af stað sem tilraunaverkefni. Einnig fara fram æfingar í júdó hjá almennum félögum en yfirsýn yfir þann hóp þarf að verða skýrari.

Samstarf við körfuboltadeild Hauka.

2. nóvember 2017 áttu AKV og JBO fund með Kristni Jónassyni vegna hugmynda um hvernig hægt er að innleiða „mini basket ball“ fyrir börn með sérþarfir. Þjálfarar eru í lykilhlutverki þegar þróun nýrra greina fer í farveg hjá IF og Special Olympics á Íslandi. FIBA er samstarfi við Special Olympics Int og Europe og sérstök „Basket ball week“ er haldin. Í framhaldi fundarins sótti sótti Kristinn námskeið í Portúgal um mini basketball og hefur nú komið á fót æfingum í körfubolta í Haukahúsinu. Þetta eru „unified“ æfingar þar byggt rt á æfingum og keppni fatlaðra og ófatlaðra t.d. systkini og vinir sem þar taka þátt. Það er sérstaklega skemmtilegt að æfingar hafa farið fram í Ólafssal en salurinn ber nafnið til heiðurs Ólafi Rafnssyni, fyrrum forseta ISI sem var sérlegur vinur IF og einn af frumkvöðlum hjólastólakörfubolta á Íslandi.

Samstarfsverkefni Blakdeildar Völsungs, BLÍ, ÍF / Special Olympics á Íslandi

23. – 25. mars 2018 fór fram á Húsavík athyglisvert námskeið, um þjálfun barna og unglunga og leiðina til árangurs í íþróttum. ÍF og Special Olympics á Íslandi og BLÍ voru bakhjarlar blakdeildar Völsungs vegna námskeiðsins og sótt var um styrk til Olympic Solidarity sem styrkti verkefnið. Leiðbeinandi var Vladimir Vanja Gribic, Ólympíumeistari í blaki og Global Ambassador Special Olympics. Hann er fyrrum atvinnumaður í blaki, menntaður íþróttifræðingur og er í framhaldsnámi með áherslu á hreyfifræði. Þetta er í fyrsta skipti sem „Global Ambassador“ SOI kemur til Íslands. Námskeiðið bar yfirskriftina - Frá grunni í gull. Markhópur voru börn og unglunga 10 – 18 ára og þjálfarar barna og unglunga. Einn þáttur námskeiðsins var kynning á „unified“ blaki þar sem æfa og keppa fatlaðir og ófatlaðir. Fyrir námskeiðið hófust hjá Völsungi æfingar í „unified“ blaki og hópur barna og unglunga með sérþarfir tók þátt í námskeiðinu. Það er óhætt að segja að skilaboð til þjálfara hafi verið skýr; langtímamarkmið, skemmtilegar æfingar við hæfi hvers og eins og keppnisferill sem miðaður er við 16 ára aldur. Iðkendur fengu skýr skilaboð um að hafa trú á sér og líta á mistök sem mikilvægan lærdóm á leið að markmiði. Sladjana Smiljanic blakþjálfari hjá Völsungi var hvatamaður að verkefninu en hún er frá sama bæ í Serbíu og Gribic.

https://www.youtube.com/watch?v=gCPC_vO17ew

Vladimir Grbic segir m.a. í þessu myndbandi; What means „mentality“ What does it take to win an olympic medal,“ For me olympic champion is not the one that win the olympic medal, for me the olympic champion is the one who fights every day, beating his personal best. It is a philiosphy. For me everone can be an olympic champion, if you life within olympic spirit

Ýmis fræðslumál

Ýmis verkefni vegna HÍ og HR, ráðgjöf og samstarf vegna nemendaverkefna.

Unnið er að því að fá leyfi til að ný rannsóknarverkefni og ritgerðir sem tengjast þjálfun og íþróttastarfi fatlaðra séu aðgengilegar á heimasíðu ÍF. Margt spennandi liggur inni læst í kerfinu vegna reglna um vistun lokaverkefna nemend.

Óskað var eftir sýnishorni af fræðsluefni frá Alberta University, kennsluefni fyrir nemendur í íþróttfræði og þjálfara en það er sett upp í formi korta. Í Edmonton, Steadward Center Þar er frábær aðstaða til þjálfunar og endurhæfingar og gott aðgengi sem gefur tækifæri til samstarfs, bæði vegna skiptináms stúdenta og þjálfunar fatlaðs íþróttafólks. Tækifæri fyrir þjálfara og iðkendur en stöðin ber nafn fyrrum forseta IPC.

Frá september til desember 2017 höfðu AKV og JA umsjón með sérkennslunámskeiði & íþróttum fatlaðra við íþróttfræðisvið HÍ. Þriðja árs nemar fengu að klára á Laugarvatni, alls 15 nemendur. Námskeiðið var tengt beint við verklega kennslu nemenda á starfsbraut FB. Áhersla var lögð á að tengja námskeiðið við starf ÍF og aðildarfélaga ÍF. Nemendur fengu kynningu á YAP verkefninu og unnu að sérhæfðum verkefnum m.a. aðstoð vegna NM í sundi 2017 í Ásvallalaug, Hafnarfirði.

Íþróttahreyfingin og ábyrgðin! Markmið er halda áfram að efla samstarf við sérsambönd, héraðssambönd, ÍSI og fleiri aðila sem tengjast íþróttastarfi barna og unglunga. Í kjölfar heimsóknna til aðildarfélaga ÍF og viðræðna við leikskólastjórnendur og starfsfólk leikskóla er ljóst að virkni barna með sérþarfir í hreyfi/ íþróttastarfi er mjög tilviljanakennd. Þar ræður mestu áhugi foreldra, aðstæður og áhugi þjálfara. Markmið er að „YAP“ verkefnið skapi aukna umræðu um gildi markvissrar hreyfingar barna, ekki síst barna með sérþarfir og stuðli að því að öll börn fái þá hreyfiþjálfun sem nauðsynleg er á leikskólaaldri. Það er ljóst að erfiðara er að hafa yfirsýn og fylgja verkefninu eftir þegar komið er í grunnskóla. Nánar þarf að greina stöðu mála m.t.t. til virkrar þátttöku barna með sérþarfir í hreyfistarfi og íþróttum.

